FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

80. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 4. APRÍL 2017


# Segir Brynjar vanhæfan eftir störf sín fyrir Bjarka Diego

**Þingmaður VG telur óheppilegt að Brynjar Níelsson leiði vinnu við umfjöllun um skýrslu rannsóknarnefndar um sölu Búnaðarbankans. Brynjar var verjandi lögfræðings hjá Kaupþingi. Hann útilokar ekki að víkja sæti við umfjöllun nefndarinnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Það er óheppilegt að formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis leiði vinnu við úrvinnslu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um einkavæðingu Búnaðarbankans. Þetta er mat Svandísar Svavarsdóttur, fulltrúa VG í nefndinni.

„Ég tel að það færi betur á því að einhver annar leiddi nákvæmlega þessa vinnu,“ segir Svandís. Ástæðan er sú að Brynjar Níelsson var verjandi Bjarka Diego þegar sakamál tengd Kaupþingi voru til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Það var áður en Brynjar var kjörinn þingmaður árið 2013. Bjarki var lögfræðingur hjá Kaupþingi og samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kom hann að gerð baksamninga þess efnis að Kaupþing keypti aftur hluti í Búnaðarbankanum af þýska bankanum Hauck & Aufhäuser.

„Mér finnst það skipta mjög miklu máli að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sé þannig að ekki falli skuggi á hennar störf. Það er afar mikilvægt og það hljótum við öll að vera sammála um,“ segir Svandís og bætir við að um þetta mál verði væntanlega fjallaði í nefndinni.

Brynjar Níelsson segist ekkert hafa íhugað framtíð málsins. „Ef nefndin er almennt á því að það sé ómögulegt að ég sé þarna þá fer ég úr nefndinni. Ég ætla ekkert að vera að djöflast ef aðrir nefndarmenn vilja það ekki,“ segir Brynjar.

> Mér finnst það skipta mjög miklu máli að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sé þannig að ekki falli skuggi á hennar störf
>
> Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna



Samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir Alþingis á stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að fjalla um skýrsluna og draga af henni ályktanir, sem geta verið leiðbeiningar til þingsins eða framkvæmdarvaldsins um breytta löggjöf eða breytta framkvæmd. „Við förum yfir skýrsluna, metum hvort einhvern lærdóm sé hægt að draga af henni og svo framvegis,“ segir Svandís um það hlutverk nefndarinnar sem fram undan er. – **jhh**



**Falinn fjársjóður** Jón Haukur Baldvinsson sýnir veggmynd sem fannst nýlega við framkvæmdir á Hótel Borg í tengslum við nýjan veitingastað Jamie Oliver. Veggmyndin verður varðveitt og gler sett yfir hana. Sjá bls. 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tvöfalt fleiri túristar leita á heilbrigðisstofnanir

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega tvöfalt fleiri ferðamenn leituðu til heilbrigðisþjónustu hér á landi í fyrra samanborið við árið 2009. Alls komu 14.543 ferðamenn á heilbrigðisstofnanir hérlendis í fyrra en þeir voru 5.914 árið 2009.

Þetta er meðal þess sem lesa má úr svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Hönnu Katrínar Friðriksson, þingmanns Viðreisnar.

Á tímabilinu má sjá að aukningin er mest á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Þangað leituðu 3.256 ferðamenn í fyrra samanborið við 398 árið 2009. Fjöldi ferðamanna á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Norðurlands ríflega þrefaldaðist á tímabilinu.

Heildargreiðslur erlendra ferðamanna fjórfölduðust á tímabilinu, námu rúmum 778 milljónum í fyrra samanborið við tæpar 177 milljónir 2009.

> **778**
>
> milljónir voru greiddar af ferðamönnum fyrir heilbrigðisþjónustu í fyrra

Líklegt verður að telja að sú upphæð hafi verið hærri en ekki bárust gögn frá tveimur stofnunum og aðeins fyrir hluta síðari hluta umrædds tímabils frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. – **jóe**

## Í dag er Fréttablaðið


**SKOÐUN** Guðjón Brjánsson skrifar um heilbrigðismál. 10

**LÍFIÐ** Stephen West prjónar að meðaltali í um sex tíma á dag og segist háður litríku garni og prjónaskap. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




EINHVERFA ER ALLS KONAR

Heilsaðu upp á Dag á blaraprill.is. Hann er einhverfur og hefur frá ýmsu að segja.

BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

## Veður




Norðvestan stormur norðan- og austanlands, hvassast á Austfjörðum og Suðausturlandi síðdegis. Hins vegar mun hægari vindur suðvestan- og vestanlands. Snjókoma norðantil á landinu og þar er líklegt að færð spillist. SJÁ SÍÐU 16



# Andlát: Sigurður A. Magnússon

Rithöfundurinn og þýðandinn Sigurður A. Magnússon er látinn, 89 ára að aldri. Sigurður var afkastamikill rithöfundur en eftir hann liggur fjöldi skáldsagna, ljóða, leikrita, endurminningabóka og svo mætti lengi telja.

Löngum var Sigurður virkur í ýmsum félagsstörfum. Hann var fyrsti formaður Rithöfundafélags Íslands, formaður Norræna rithöfundaráðsins um skeið og formaður Íslandsdeildar Amnesty um árabil.

# Lífshættuleg árás í Kópavogi

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var stunginn með hníf á veitingastað á Smáratorgi í Kópavogi á áttunda tímanum í gærkvöldi. Maðurinn er talinn alvarlega slasaður og var fluttur á gjörgæslu.

Tveir menn voru handteknir í tengslum við árásina en þeir eru báðir á tvítugsaldri. Að sögn lögreglu komust þeir báðir af vettvangi en voru handteknir skömmu síðar. Þeir hafa verið vistaðir í fangageymslum og verða yfirheyrðir í dag. – **sks**

# Bitist um bestu bitana




**Jóhann Ágúst Hansen, uppboðshaldari hjá Gallerí Fold, sveiflar hamri sínum í átt að verkinu Keili sem Pétur Friðrik Sigurðsson málaði. Galleríið stóð fyrir listmunauppboði í gær og seldust munir og myndir fyrir tæplega tíu milljónir króna. Verk Gunnlaugs Blöndal, Frá Siglufirði, fór fyrir hæst verð eða 540 þúsund krónur. Alls seldust verk fyrir tæpar tíu milljónir króna á uppboðinu. Uppboðinu verður fram haldið í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ekki virkur hlutur í Arion

**VIÐSKIPTI** Það er mat Fjármálaeftirlitsins (FME) að enginn hinna nýju eigenda Arion banka fari með virkan eignarhlut í bankanum. Af þeim sökum hefur ekki farið fram mat á hæfi þeirra til að fara með slíkan hlut.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í svörum FME við ellefu spurningum fjármálaráðherra er lúta að vogunarsjóðum sem keyptu tæplega þrjátíu prósent hlut í Arion banka um miðbik síðasta mánaðar. Sjóðirnir hafa að auki forkaupsrétt að stærri hlut í bankanum.

Í svarinu kemur að auki fram að þrír af sjóðunum fjórum hafa upplýst FME um að þeir stefni á að veita FME upplýsingar svo unnt verði að leggja mat á hæfi þeirra til að fara með virkan eignarhlut í bankanum.

Eigi aðili tíu prósent eða meira í fjármálafyrirtæki telst það virkur hlutur. Þeir nýju eigendur sem mest eiga keyptu 9,99 prósent hlut. - **jóe**

# Íslendingar aftur farnir að kaupa eignir á Spáni

**Eftir afléttingu hafta fyrr á árinu hafa Íslendingar í vaxandi mæli verið að skoða fasteignakaup erlendis. Eitthvað er um hreyfingu á erlendum gjaldeyri til fasteignakaupa en lítið enn sem komið er. Fasteignasali segir kúnnahópinn fyrir eignir á Spáni vera að breytast.**



**Að sögn Aðalheiðar er meira um að ungt fólk kaupi fasteignir á Spáni nú en það vill nýjan lífsstíl og að búa í betra veðri.** NORDICPHOTOS/GETTY

**VIÐSKIPTI** „Ég finn heilmikinn mun, meiri áhuga, og breiðari hópur er að skoða þetta en áður,“ segir Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali, sem selur eignir á Spáni í gegnum Spánareignir og Stakfell.

Hún segir markaðinn hafa verið að hreyfast ansi vel á eignum erlendis í kjölfar afnáms hafta fyrr á þessu ári. „Markaðurinn hefur verið að hreyfast ansi vel. Það er auðvitað alltaf eitthvað búið að vera í gangi. En það auðveldaði mörgum þegar höftin fóru. Ég finn fyrir auknum áhuga,“ segir Aðalheiður.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er eitthvað um hreyfingu á erlendum gjaldeyri til fasteignakaupa í bönkum landsins. En lítið enn sem komið er. Heildaráhrif af afnámi hafta á fasteignaumsvif Íslendinga erlendis munu samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra ekki skýrast fyrr en á næsta ári þegar framtali vegna tekjuársins 2017 hefur verið skilað og fasteignirnar taldar fram.

Aðalheiður hefur selt fasteignir í tuttugu ár á Spáni, hún segir að salan hafi sveiflast á þeim tíma. Mikil sala var í aðdraganda hrunsins. „Ég geri ekki ráð fyrir að það verði sama sala núna á næstunni og fyrir hrun. Það mun kannski nálgast það, en ég held að það verði aldrei aftur sama bólan.“

> Eins og þetta var áður ætlaði fólk að kaupa eina íbúð en keypti tvær því þetta var svo ódýrt, en nú er það meira niðri á jörðinni.

Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali.



Að hennar mati mun afnám hafta auðvelda Íslendingum mikið að kaupa, en hún telur fólk vera að taka skynsamlegri og yfirvegaðri skref núna. „Eins og þetta var áður ætlaði fólk að kaupa eina íbúð en keypti tvær því þetta var svo ódýrt, en nú er það meira niðri á jörðinni.“

Kúnnahópurinn hefur einnig breyst, áður var það eldra fólk sem var ef til vill komið á ellilífeyri sem var að kaupa. „Nú er meira ungt fólk sem er að leita nýrra ævintýra, vill nýjan lífsstíl og búa í betra veðri. Svo eru jafnvel öryrkjar að kaupa. Það er ódýrara fyrir fólk að búa þar þannig að það getur verið með meiri lífsgæði. Þetta er valkostur fyrir fólk núna að flytja ekki til Noregs heldur flytja til Spánar.“

saeunn@frettabladid.is




# Við fjölgum hagkvæmum íbúðum



**300**
ÍBÚÐIR SELDAR

**1.300**
ÍBÚÐIR Í ÞRÓUN

**250**
ÍBÚÐIR Á ÁRI

Upphaf fasteignafélag er eitt umsvifamesta fyrirtæki í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Á næstu fimm árum verða þróaðar og byggðar yfir **1.300 nýjar íbúðir** sem ætlaðar eru litlum og meðalstórum fjölskyldum.

Markmið Upphafs er að byggja yfir **250 hagkvæmar íbúðir** á ári. Við viljum auka framboð á íbúðamarkaði.

Upphaf er í eigu Novus, fagfjárfestasjóðs í rekstri hjá GAMMA Capital Management.

Upphaf

519 3300 | www.upphaf.is
Garðastræti 37, 101 Reykjavík

# Uppreisnarmenn FARC vinna með ríkinu að endurbyggingu

**KÓLUMBÍA** Uppreisnarhópurinn FARC bauðst í gær til þess að vinna með kólumbíska ríkinu að endurbyggingu bæjarins Mocoa í suðvesturhluta landsins. Að minnsta kosti 254 fórust, þar af 62 börn, þegar aurskriða féll á bæinn um helgina og er hundruða saknað. Tala látinna gæti því enn hækkað verulega.

Alls unnu rúmlega þúsund her- og lögreglumenn björgunarstarf á vettvangi í gær. Senda þurfti mannskap, búnað og birgðir með þyrlum þar sem þeir vegir sem liggja að Mocoa eru annað hvort ófærir eða ónýtir. Juan Manuel Santos forseti hét því í gær að björgunarmenn myndu hafa hraðar hendur.

Skammt frá Mocoa, í La Carmelita, búa um 400 uppreisnarmenn í búðum. Vegna friðarsamninganna þurfa þeir samþykki ríkisins til þess að yfirgefa búðirnar. Að sögn Ivan Marquez, leiðtoga FARC, vilja flestir þeirra fara til Mocoa að hjálpa til.



**Eyðilegging.** NORDICPHOTOS/AFP

Átök kólumbíska ríkisins við hópa á borð við FARC hafa staðið yfir frá árinu 1964. Santos undirritaði hins vegar friðarsamning við FARC á síðasta ári.

„Ég heyri það á samtölum mínum við uppreisnarmenn að þeir vilji fara þangað, til Mocoa, til að vinna og hjálpa til við endurbygginguna," sagði Marquez í samtali við El Colombiano.

„Þessi harmleikur hryggir okkur mjög. Hugur okkar er hjá íbúum Mocoa. Við stöndum með þeim," sagði Marquez enn fremur. **- þea**



**Theresa May, forsætisráðherra Bretlands.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Samræður um Gíbraltar en ekki stríð

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, ætlar ekki í stríð við Spánverja um Gíbraltar.

Nýjar deilur um Gíbraltar spruttu upp þegar Evrópusambandið birti drög að samningaviðmiðum sínum fyrir væntanlegar viðræður við Breta um útgöngu. Segir þar að Evrópusambandið þurfi að hafa samráð við Spán og Bretland þegar ákvarðanir sem hafa áhrif á Gíbraltar eru teknar.

> **Það lítur út fyrir að einhver sé að missa hausinn**
>
> Alfonso Dastis, utanríkisráðherra Spánar

Fyrrverandi leiðtogi Íhaldsflokksins, Michael Howard, sagði í sunnudag að May hlyti að vera viljug til þess að verja Gíbraltar á sama hátt og Margaret Thatcher varði Falklandseyjar á níunda áratugnum.

Brást utanríkisráðherra Spánar, Alfonso Dastis, við með því að segja tón Breta koma sér á óvart. „Það lítur út fyrir að einhver sé að missa hausinn," sagði Dastis.

Þegar blaðamenn spurðu May út í orð Howards hló hún og sagði að þess í stað stefndi í stífar viðræður. **– þea**

# Óþarfi að hafa miklar áhyggjur af ferðaþjónustufyrirtækjum

**Prófessor í hagfræði býst ekki við að hækkun virðisaukaskatts hafi alvarleg áhrif á ferðaþjónustuna. Hagfræðingur hjá Íslandsbanka telur breytinguna hafa jákvæð áhrif á aðrar útflutningsgreinar. Forsvarsmenn ferðþjónustufyrirtækjanna hafa sagt að afnám undanþágu greinarinnar frá virðisaukaskatti sé reiðarslag.**

**EFNAHAGSMÁL** Hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu upp í efra þrep mun ekki hafa alvarleg áhrif á afkomu ferðaþjónustu á Íslandi. Þetta er mat Daða Más Kristóferssonar, prófessors í hagfræði.

„Þessi tegund gjaldheimtu, hvort sem það er virðisaukaskattur, komugjöld eða gistináttaskattur þyrfti að vera gríðarlega há ef hún ætti að hafa áhrif á eftirspurn eftir Íslandi sem ferðamannalandi, alveg sama hvað ferðaþjónustan segir," fullyrðir Daði í samtali við Fréttablaðið.

„Ef hún lifði af 20 til 30 prósenta hækkun krónunnar þá er hækkun á virðisaukaskatti tæplega til að setja hana á hliðina," bætir hann við.

Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisins er gert ráð fyrir að færa virðisaukaskatt á ferðaþjónustu upp í efra þrep. Á hinn bóginn verður efra þrepið lækkað úr 24 prósentum í 22,5 prósent.

Þessar fyrirætlanir byggja á tillögum sem verkefnisstjórn um breytingar og umbætur á skattkerfinu skilaði til Samráðsvettvangs um aukna hagsæld í haust. Daði Már er formaður verkefnastjórnarinnar.

„Við lögðum til að þetta yrði gert. Vegna þess að það er ódýrara að reka skattkerfið þegar það eru fáar undanþágur í því.

Það er minna til að verja í eftirlit og svo er þetta niðurgreiðsla á einni atvinnugrein sem ég sé enga ástæðu fyrir," segir Daði Már.

Hann bætir við að það sé alltaf einhver kostnaður sem hlýst af ferðaþjónustunni fyrir hið opinbera sem sé eðlilegt að fjármagna með hækkun skatta.

Í þessu tilfelli hafi þó verið ákveðið að verja andvirðinu til þess að lækka efra skattþrepið og þar með lækka skatta á aðra.




**Breytingar á virðisaukaskatti munu ekki skapa samdrátt í ferðaþjónustu að mati hagfræðinga.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Ef hún lifði af 20 til 30 prósenta hækkun krónunnar þá er hækkun á virðisaukaskatti tæplega til að setja hana á hliðina.**
>
> Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði



**22,5%**

**virðisaukaskattur er fyrirhugaður á ferðaþjónustu**

Hrafn Steinarsson, sérfræðingur í Greiningardeild Arion, segir jákvætt að verið sé að einfalda virðisaukaskattskerfið og um leið dempa vöxt.

Undir það tekur Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka. „Þetta getur dregið úr fjölgun og líklegast mun það gera það að einhverju leyti.

En þetta snýr því ekki í neinn samdrátt," segir Ingólfur. Hann telur að skattlagningin muni að einhverju leyti draga úr hækkun á gengi krónunnar og þar með draga úr þeim ruðningsáhrifum sem gengishækkun krónunnar hefði ellegar haft á aðrar útflutningsgreinar, til dæmis sjávarútveg. **jonhakon@frettabladid.is**


Áföll og streita

Sigurbjörg Bergsdóttir ráðgjafi kynnir og kennir CRM tækni sem allir geta tileinkað sér til takast á við streitu eftir áföll þann 5. apríl í safnaðarheimili Háteigskirkju kl. 20:00 á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar.

Fræðslan hentar öllum sem:
- lent hafa í áfalli.
- hafa áhuga á áfallafræðum.
- starfa við að styðja eða bjarga fólki sem lent hefur í áfalli, líkamlegu eða andlegu.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • nydogun@nydogun.is


# Menntamálin sett í annað sæti

**EFNAHAGSMÁL** Rektor Háskóla Íslands gagnrýnir harðlega áætluð framlög til háskólastigsins í fjármálaáætlun ríkisins til næstu fimm ára. Mennta- og menningarmálaráðherra segir að það liggi fyrir að í fjármálaáætluninni eins og hún komi fram séu heilbrigðis- og velferðarmál sett í algjöran forgang umfram aðra málaflokka, það hafi meðal annars þessi áhrif í för með sér.

„Þetta eru vonbrigði sérstaklega í ljósi þess sem sagt var fyrir kosningar. Háskólastigið hefur setið eftir, er undirfjármagnað, og þarf verulega að spýta í. Eina leiðin til að ná aukningu í framlögum á hvern ársnema væri að fækka þeim verulega. Það er mjög varhugaverð þróun. Stjórnmálaflokkarnir hafa verið sammála um að það er mikilvægt að hafa hér sterkan, alþjóðlegan rannsóknarháskóla og það þarf að efla framlög til hans," segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

> **Þetta eru vonbrigði sérstaklega í ljósi þess sem sagt var fyrir kosningar.**
>
> Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands



> **Fjármálaáætlunin er sameiginlegt plagg ríkisstjórnarinnar sem er endurskoðað á hverju ári**
>
> Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra



Jón Atli bendir á að þar sem stór hluti aukinna framlaga til háskólans muni renna til byggingar Húss íslenskra fræða muni einungis bætast við 700 milljónir aukalega til háskólans árið 2020 og 1.500 milljónir árið 2021.

„Það þarf að gera miklu betur og miklu fyrr, við vonum núna að þingið muni fara yfir þetta og breyta þessu til að efla fjármögnun háskólastigsins."

Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að allir forsvarsmenn opinberrar þjónustu, og allir ráðherrar viðkomandi málaflokks, myndu gjarnan vilja fá meira fé til að spila úr og ráðstafa. „Fjármálaáætlunin er sameiginlegt plagg ríkisstjórnarinnar sem er endurskoðað á hverju ári. Það er ýmislegt sem getur gerst á mun skemmri tíma en gildistíma fjármálaáætlunarinnar." **– sg**




**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

ENNEMM / SÍA / NM80633 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.



**Verksmiðjan í Neskaupstað er rafvædd.** FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTÍNSVANHVÍT

# Ætla að gera mjölið grænna

**UMHVERFISMÁL** Landsvirkjun og Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda (FÍF) ætla að vinna að því að auka notkun endurnýjanlegrar orku í fiskmjölsiðnaði.

Nú eru um 75 prósent af orkuþörf fiskmjölsverksmiðja rafvædd og talið er raunhæft að það hlutfall geti farið upp í um 85 prósent. Til þess að ná fullri rafvæðingu þarf hins vegar að koma til veruleg fjárfesting í flutningskerfi raforku í landinu.

Í frétt á heimasíðu Landsvirkjunar segir að fiskmjölsframleiðendur hafi keypt skerðanlegt rafmagn af raforkusölum sem Landsvirkjun hefur selt á heildsölumarkaði. Takmarkað framboð á slíku rafmagni og sveiflukennd eftirspurn hjá fiskmjölsframleiðendum hefur gert að verkum að olía hefur verið nauðsynlegur varaaflgjafi í mjölvinnslunni og komið í stað rafmagns þegar á hefur þurft að halda.

Landsvirkjun lýsir því yfir að fyrirtækið muni á næstu árum stuðla eins og hægt er að auknu framboði á skerðanlegu rafmagni á heildsölumarkaði. Um leið ætlar FÍF að stuðla að því að félagsmenn horfi til þess að gera mjölframleiðsluna enn umhverfisvænni – **shá**

# Jamie Oliver vill halda því upprunalega á Hótel Borg

**Við framkvæmdir á Jamie´s Italian veitingastaðnum á Hótel Borg fundust gömul málverk sem máluð voru beint á steypuna. Eigendur vilja vernda verkið sem er mjög skemmt og tekur kokkurinn í sama streng.**

**BYGGINGARLIST** „Verkið er mjög skemmt en ekki þannig að það sómir sér vel eitt og sér,“ segir Jón Haukur Baldvinsson einn af forsvarsmönnum Jamie´s Italian á Íslandi. Vonast er til að opna staðinn í júní og eru framkvæmdir á Hótel Borg í fullum gangi.

Staðir Jamie Oliver um allan heim eru með opið inn í eldhús enda lítur hann svo á að kokkurinn sé aðalstjarnan. Þegar framkvæmdir við þá opnun fóru af stað komu í ljós myndir sem málaðar eru beint á vegginn. „Skiljanlega þarf að vanda sig mikið við allt þetta ferli og það hefur tafið okkur örlítið. Minjavernd kemur hér vikulega og það eru margir ferlar í gangi.

**Jamie Oliver vill halda veggmyndunum og verja þær fyrir frekari skemmdum.**



**Ein af veggmyndunum sem fundust bak við þil á Hótel Borg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Minjavernd vissi að verkið leyndist þarna á bak við og við munum varðveita það með því að setja gler yfir. Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands, ætlar að koma og hjálpa okkur að reyna að finna hver gerði þetta verk með því að lesa í handbragðið. Hann þekkir söguna betur en flestir.

Jamie er hrifinn af sögufrægum húsum og er spenntur fyrir að halda þessu. Allt sem er upprunalegt á að halda sér. Það er það sem gerir staðina hans svo sérstaka þótt þeir heiti sama nafni.“

Meðal annars sem Jón og félagar stefna á að gera er að endurheimta gömlu viðarhurðina sem gestir gengu inn um þegar þeir komu á hótelið. Hurðin var tekin niður árið 2007 og álhurð sett í staðinn. Hurðin er nú á Árbæjarsafni en hún þótti tákn um nýja sveiflu í þjóðfélaginu.

„Stefnan er að reyna að fá hana aftur í miðbæinn. Þetta er falleg hurð sem ískrar vel í, brún og falleg,“ segir Jón. „Aðalaðgerðin við framkvæmdirnar er opnunin inn í eldhúsið. Annað fær að halda sér. Hurðirnar inni í salnum eru frá 1932 og verða að sjálfsögðu hér áfram. Maður heyrði að þegar Jamie´s Italian myndi koma þá óttuðust einhverjir að allt yrði rifið og tætt en hann vill frekar hafa hið upprunalega,“ segir Jón. **benediktboas@365.is**


MATVÆLALANDIÐ · FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR · ÍSLAND

RÁÐSTEFNA UM MAT OG ÞEKKINGU

Samstarfsvettvangur um Matvælalandið Ísland efnir til ráðstefnu á Hótel Sögu fimmtudaginn 6. apríl þar sem fjallað verður um leiðir til að efla þekkingu og færni innan matvælagreina.

HÓTEL SÖGU - 2. HÆÐ
FIMMTUDAGINN 6. APRÍL
KL. 11.30-16.00

Aðgangur er ókeypis
Skráning á vefnum si.is

ÞEKKING OG FÆRNI Í MATVÆLAGREINUM

DAGSKRÁ:

Kl. 11.30 Hádegishressing í samvinnu við meistarakokka Grillsins

**Setning og afhending verðlauna Ecotrophelia Ísland**
– Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

**Tæknin byltir matvælaiðnaði**
– Hörður Kristinsson, rannsókna- og nýsköpunarstjóri Matís

**Nýjar aðferðir við miðlun fræðslu til starfsmanna**
Þjálfun í þenslu – hvernig næ ég til starfsmanna?
– Hlíf Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Securitas
Nýjar leiðir við þjálfun og miðlun
– Hróbjartur Árnason, lektor við Menntavísindasvið HÍ
Vinnustaðanám og fræðsla Icelandair hótela
– Erla Ósk Ásgeirsdóttir, forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs Icelandair hótela
Menntanet sjávarútvegsins
– Hallveig Ólafsdóttir, hagfræðingur SFS

**Reynslusögur úr fyrirtækjum**
Gæði, öryggi og arðsemi í framleiðslu
– Bára Eyfjörð Heimisdóttir, gæðastjóri Norðlenska
Hverjir kaupa fiskinn okkar, erum við á réttri leið?
– Klemenz Sæmundsson og Ásdís Vilborg Pálsdóttir, verkefnastjórar hjá Fisktækniskóla Íslands
Starfsþjálfunaráætlun
– Aðalheiður Héðinsdóttir, stjórnarformaður Kaffitárs
Ráðgjöf til bænda – Nýjar áskoranir í breyttu umhverfi
– Vignir Sigurðsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

Pallborðsumræður með þátttöku ungs fólks úr ýmsum greinum og ráðstefnuslit kl. 16.00
**Kynnir og ráðstefnustjóri:** Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis

ÍSLANDSSTOFA · matís · SAF · Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi · SI · ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ




**Ólafur segir að Matís sé dæmi um stað þar sem er engin opinber gjaldskrá vegna eftirlitsgjalda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNALDUR

# Vilja aukið gagnsæi í gjöldum hins opinbera

**VIÐSKIPTI** Félag atvinnurekenda vill að gjaldtökuheimildir sem mæla fyrir um töku svokallaðra eftirlitsgjalda verði endurskoðaðar með tilliti til sjónarmiða um skýrleika og að tillögur séu gerðar að breytingum eftir því sem tilefni gefst til.

> **Þarna eru að okkar mati mjög alvarlegar gloppur í kerfinu hvað varðar gjaldtöku.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Í nýrri skýrslu FA, sem kynnt verður í dag, kemur fram að þar sem álagning eftirlitsgjalda sé íþyngjandi fyrir atvinnulífið sé mikilvægt að regluverkið sé skýrt. Fyrir hendi séu um sextíu gjaldtökuheimildir sem mæla fyrir um töku svokallaðra eftirlitsgjalda. Einnig eru dæmi um að eftirlitsgjöldum, sem dómstólar höfðu dæmt ólögmæt, hafi verið breytt í skatta. Skýrasta dæmið sé lyfjaeftirlitsgjaldið.

„Það sem er kannski alvarlegast í þessu er að upplýsingarnar um kostnaðinn eru ekki birtar. Fyrir vikið er ekki hægt að sannreyna að gjaldtakan sé réttmæt. Þarna eru að okkar mati mjög alvarlegar gloppur í kerfinu hvað varðar gjaldtöku faggildra aðila,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.

„Það ættu að gilda sömu reglur um gjaldtöku eins og ef um opinbera stofnun væri að ræða, það má ekki innheimta hærri gjöld en svara kostnaði. Við tökum dæmi af Matís í skýrslunni, þar er engin opinber gjaldskrá, og því enginn rökstuðningur fyrir gjöldunum. Eftirlitsstofnanir eru einnig að senda út reikninga sem eru ósundurliðaðir,“ segir Ólafur.

Hann segir þetta klárlega þrengja að fyrirtækjum. „Sums staðar eru eftirlitsstofnanir farnar að ráða hversu oft þær koma í heimsókn og hvað þær eru að skamta sér í tekjur frá þessu eftirliti. Við viljum fá skýrari reglur sem er vörn gagnvart slíkri þróun.“ – **sg**




Brimborg
Bíldshöfða 8 S. 515 7000
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is

# Lestarstjórinn sagður drýgja hetjudáð

**Að minnsta kosti ellefu fórust og á fimmta tug særðust þegar sprengja sprakk í neðanjarðarlest í Sankti Pétursborg í gær. Yfirvöld í Rússlandi segja um hryðjuverk hafi verið að ræða. Stöðva þurfti allar lestarsamgöngur í borginni. Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á ódæðinu.**

**RÚSSLAND** Sprengja sprakk í neðanjarðarlest í Sankti Pétursborg í Rússlandi í gær. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var vitað að ellefu höfðu farist og minnst 45 voru særðir.

Lestin var á leiðinni frá Tekhnologichesky Institut-stöðinni að lestarstöðinni við Sennaya-torg þegar sprengjan sprakk. Að sögn rannsóknarnefndar í Rússlandi brást lestarstjórinn hárrétt við með því að halda ferðinni áfram og stöðva ekki lestina fyrr en á Sennaya-torg var komið. Með því auðveldaði hann björgunarmönnum aðgengi að lestinni og bjargaði þar með jafnvel mannslífum.

Enginn hafði lýst yfir ábyrgð á árásinni þegar Fréttablaðið fór í prentun en á samfélagsmiðlum hafði farið á flug mynd af manni sem sagður var sökudólgurinn. Myndin var úr öryggismyndavélakerfi en ekki var búið að staðfesta hvort um hinn grunaða væri að ræða.

Í yfirlýsingu sem Dmitry Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, birti á Facebook í gær kallar hann árásina hryðjuverk. Margir embættismenn hafa þó forðast þann stimpil og munu gera það þar til rannsókn lýkur.

„Ég votta vinum og fjölskyldumeðlimum fórnarlambanna samúð mína. Þetta er sameiginlegur sársauki okkar allra,“ segir í yfirlýsingu Medvedevs.



**Þessi maður var á meðal hinna særðu sem björguðust úr lestinni.** NORDICPHOTOS/AFP



**Ljóst er að sprengjan var öflug enda rifnuðu hurðir lestarinnar næstum af.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ekki fyrsta árásin á rússneskar samgöngur

- Árið 2013 sprungu tvær sprengjur á tveimur dögum í borginni Volgograd. Féllu þrjátíu í árásunum og særðust 62. Fyrri sprengjan sprakk á lestarstöð en sú seinni um borð í rútu.
- Fyrr sama ár sprengdi kona sig í loft upp í strætisvagni í sömu borg.
- Árið 2010 féllu 38 í sjálfsmorðsárás í neðanjarðarlest í höfuðborginni Moskvu og árinu áður sprakk sprengja í lest sem var á leið frá Moskvu til Sankti Pétursborgar. Féllu þá 27 og 130 særðust.
- Ýmis samtök herskárra íslamista lýstu yfir ábyrgð á árásunum.

Frank Gardner, öryggismálablaðamaður BBC sagði Rússa nú vinna hörðum höndum að því að rannsaka árásina. Færi þar leyniþjónustan FSB fremst í flokki. Sagði Gardner að líklega beindist athygli FSB að þremur mögulegum sökudólgum.

Í fyrsta lagi gætu hryðjuverkamenn innblásnir af Íslamska ríkinu hafa reiðst vegna loftárása Rússa í Sýrlandi, í öðru lagi gætu árásarmennirnir verið þjóðernissinnar frá sjálfsstjórnarsvæðinu Tsjetsjeníu og í þriðja lagi gætu skipulögð glæpasamtök hafa framið árásina. Þriðja valkostinn telur Gardner þó ólíklegastan. Þá gæti blanda fyrstu tveggja valkostanna einnig komið til greina.

Nokkru eftir sprenginguna var tilkynnt um að lögreglan í Sankti Pétursborg hefði aftengt sprengju á annarri lestarstöð, um þremur kílómetrum frá Tekhnologichesky Institut-stöðinni.

Vladimir Putin, forseti Rússlands, var staddur í borginni í gær. Sagði hann að allir möguleikar yrðu hafðir í huga við rannsókn málsins. „Öryggis- og löggæslustofnanir gera allt sem í valdi þeirra stendur til þess að komast að því hvað gerðist,“ sagði forsetinn.

thorgnyr@frettabladid.is





AUSTUR INDÍA FJELAGIÐ KYNNIR
FIMM RÉTTA HÁTÍÐAR SEÐILL
9. MARS TIL 9. APRÍL
HOLI
6.990 KR. SUN-FIM
7.490 KR. FÖS-LAU
BORÐAPANTANIR: 552-1630
HVERFISGÖTU 56, 101 RVK
AUSTURINDIA.IS
OPNUNARTÍMI:
SUN-FIM 17:30 - 22:00
FÖS-LAU 17:30 - 23:00

# Sársaukamörk



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Á árunum eftir banka- og gjaldeyrishrunið rýrnuðu lífskjör Íslendinga hratt og íslenskur almenningur tók á sig miklar kjaraskerðingar vegna hruns íslensku krónunnar.

Þökk sé eldgosinu í Eyjafjallajökli, lágu olíuverði, breyttum smekk ferðamanna og veikingar krónunnar hefur ferðaþjónustan á Íslandi vaxið gríðarlega á síðustu árum með tilheyrandi lífskjarasókn. Það er fyrst og fremst ferðaþjónustunni að þakka að gjaldeyrisforði Seðlabankans er 806 milljarðar króna, að stærstu leyti óskuldsettur. Þetta hefði þótt fáheyrt fyrir nokkrum árum.

„Frá því að forseti Alþingis lýsti yfir stofnun lýðveldisins á Þingvöllum fyrir rúmum sjö áratugum síðan höfum við aldrei staðið betur efnahagslega," sagði Bjarni Benediktsson forsætisráðherra á ársfundi Seðlabankans. Þetta er rétt hjá forsætisráðherra. Þegar talað er um stöðu þjóðarbúsins er verið að tala um samanlagða stöðu ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga. Þessi staða við útlönd var jákvæð síðastliðið haust í fyrsta skipti frá stríðslokum 1945. Ísland er komið með jákvætt eigið fé og ekki lengur skuldari í útlöndum. Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði þegar tíðindin lágu fyrir að mögulega væri staðan hrein í fyrsta skipti frá þjóðveldisöld en lengra en til stríðsloka ná mælingar ekki. Þetta hefði líka þótt fáheyrt fyrir nokkrum árum.

Hagvöxtur var 7,2 prósent á síðasta ári. Hagstofa Íslands þurfti að leiðrétta spá sína upp á við því vöxturinn fór fram úr öllum spám. Atvinnuleysi er lítið og uppbygging í efnahagslífinu er drifin áfram af hreinni verðmætasköpun, sölu á vörum og þjónustu. Ekki skuldsetningu í útlöndum eins og 2003-2008.

Annar mikilvægur munur er viðhorfsbreyting almennings. Hún felst í því að sparnaður einstaklinga og fjölskyldna er að aukast. Fólk vill frekar safna fyrir hlutunum, eins og Þjóðverjar gera. Við erum meira ábyrg og við tökum síður lán. Allt er þetta gott og jákvætt.

Núna erum við hins vegar að hefja enn einn danshring í umræðunni um gjaldmiðils- og peningamál. Umræðu sem við höfum tekið mörg hundruð sinnum. Ástæðan er sú að núna er króna búin að styrkjast of mikið. Við erum komin upp að einhverjum „sársaukamörkum" hjá sjávarútvegs- og ferðaþjónustufyrirtækjum. Sársaukamörkum sem þau sjálf skilgreina.

Á sama tíma og þessi umræða fer fram á ársfundi Seðlabankans, í sölum Alþingis, á stjórnarfundum í flugfélögum og útgerðarfyrirtækjum þá upplifir launafólk, kannski í fyrsta sinn frá hruni, velmegun. Raftæki kosta minna, sólarlandaferðir eru raunhæfar, menn geta endurnýjað bílinn sinn án þess að setja sig í gjaldþrot. Venjulegt fólk er ekki á ársfundi Seðlabankans eða þessum stöðum þar sem elíta þessa lands plottar framtíð krónunnar. Hvers vegna á að hrifsa lífskjörin núna frá launafólki, eftir öll þessi ár af sársauka?

Ef það er stefnan að vera áfram með sólskin fyrir hádegi og þrumuveður eftir hádegi, endalausar árstíðasveiflur krónunnar, þá verða menn að virða sveiflurnar bæði upp og niður. Annað væri ömurleg mismunun og sérhagsmunagæsla í þágu fyrirtækja- og fjármagnseigenda þessa lands.

**Núna erum við hins vegar að hefja enn einn danshring í umræðunni um gjaldmiðils- og peningamál.**

VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURNESJA

**Aðalfundur**

Verslunarmannafélags Suðurnesja
verður haldinn að **Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ,**
**mánudaginn 10. apríl nk. kl. 20:00.**

**DAGSKRÁ**
Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins

***Stjórn Verslunarmannafélags Suðurnesja***

## Halldór




## Frá degi til dags

**Forréttindablindan**

**Jón Þór Ólafsson Pírati býr á stúdentagörðunum, þrátt fyrir að vera með um 1,3 milljónir í mánaðarlaun. Í Fréttablaðinu í gær sagði þingmaðurinn að konan sín, sem er háskólanemi, ætti ekki að líða fyrir tekjur hans og nýti því rétt sinn til að búa á stúdentagörðunum. Þetta er dásamleg röksemdarfærsla. Jón Þór er í forréttindastöðu vegna tekna sinna en býr við lægstu mögulegu leigu á markaði, og skerðir tækifæri háskólanema sem lifa á LÍN og eru á biðlista eftir íbúðum. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem launin flækjast fyrir þingmönnum Pírata í húsnæðismálum. Er ekki einhver metnaðarfullur þjónustufulltrúi þarna úti sem getur tekið þingflokk Pírata að sér í smá fjármálaráðgjöf 101?**

**Vanhæfi**

**Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG, segir Brynjar Níelsson, formann stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, vanhæfan til að fjalla um Búnaðarbankaskýrsluna vegna þess að fyrrverandi umbjóðandi hans, Bjarki Diego, spilar lykilrullu í skýrslunni. Þetta eru vissulega óheppileg tengsl þó gera verði ráð fyrir að þingmaðurinn Brynjar geti unnið faglega og skilið lögfræðinginn Brynjar eftir heima. Líklega væri ekki uppi umræða um meint vanhæfi ef Brynjar væri baráttumaður fyrir því að fara í frekari rannsókn á einkavæðingu bankanna, en afstaða hans er stjórnarandstöðunni ekki þóknanleg.** snaeros@frettabladid.is

# Ákallið að engu haft



Guðjón S. Brjánsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var fyrir helgi er því slegið upp að aukning til heilbrigðisþjónustu til ársins 2022 verði hvorki meira né minna en 20 prósent. Látið er að því liggja að um leiftrandi sókn sé að ræða og verulegan viðsnúning til hagsbóta fyrir þá sem lengi hafa beðið. Þegar nánar er að gáð slær nokkrum fölva á myndina. Stóra Landspítalaverkefnið er hluti af þessari aukningu og reyndar meira en helmingur. Eftir standa 7,3 milljarðar til annarrar starfsemi og uppbyggingar, m.a. innan heilbrigðisstofnana vítt og breitt um landið sem þarfnast verulegs hluta af þessari upphæð.

Framlög til að starfrækja sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir í landinu á milli áranna 2017 til 2018 munu aðeins hækka um tæplega 340 milljónir króna sem samsvarar prósentubroti. Ekki verður hægt að mæta fyrirliggjandi þörf fyrir þjónustu og niðurskurður er fram undan. Þvert á það sem var lofað.

Þá er hvergi að sjá að uppbygging á landsbyggðinni sé sett í forgang þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar stjórnvalda. Þar verður sérfræðiþjónusta áfram í skötulíki.

Þá má nefna að engin teikn eru um aukna greiðsluþátttöku í tannlækningum fyrir viðkvæma hópa, m.a. aldraða og öryrkja.

Öldrunarheimili búa við verulega vanfjármögnun í dag. Samkvæmt áætluninni til ársins 2022 verða 292 ný hjúkrunarrými tekin í notkun. Þetta eru þörf markmið en sá galli er á gjöf Njarðar að til þess að hægt verði að starfrækja þau vantar að lágmarki þrjá milljarða króna inn í áætlunina. Það bætist við núverandi vanda hjúkrunarheimila sem hleypur á milljörðum. Þá vantar enn peninga til að fjölga dagdvalarrýmum og bæta aðbúnað sem er aðkallandi á mörgum stofnunum.

Um raunverulega aukningu útgjalda til heilbrigðisþjónustu verður því miður ekki að ræða á tímabilinu eins og lofað var fyrir kosningar. Ekki verður annað séð en við séum enn í órafjarlægð frá endursköpun og uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar. Baráttan mun að óbreyttu standa um að halda í horfinu og áfram verður gengið á laskaða innviði.

**Um raunverulega aukningu útgjalda til heilbrigðisþjónustu verður því miður ekki að ræða á tímabilinu eins og lofað var fyrir kosningar.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Allir eiga rétt til menntunar eftir framhaldsskóla





**Margrét M. Norðdahl**
deildarstjóri við Myndlistaskólann í Reykjavík

**Aileen Soffía Svensdóttir**
formaður Átaks, félags fólks með þroskahömlun

Flest ungt fólk sem lýkur framhaldsskólanámi hefur áhuga á frekari menntun. Fyrir flesta er þetta einfalt og fólk getur yfirleitt sótt í það nám sem það hefur áhuga á og þar sem styrkleikar þeirra njóta sín. Það á þó því miður ekki við um alla. Fólk með þroskahömlun sem lýkur námi frá starfsbrautum framhaldsskóla hefur ekki þessi tækifæri. Samt eru þau ekkert öðruvísi en önnur ungmenni og vilja og hafa áhuga á meiri menntun.

Á hverju ári útskrifast 30 til 50 nemendur af starfsbrautum framhaldsskólanna í Reykjavík. Ríkið setur fjármagn í Fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks eins og það heitir hjá fjármálaráðuneytinu. Það fjármagn fer til Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar, sem sér um námskeiðahald sem stendur fólki með þroskahömlun til boða á landsvísu. Á vegum Fjölmenntar stunda nú um 700 nemendur nám um land allt. Fyrir utan námskeið hjá Fjölmennt er í boði tveggja ára diplómanám við menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem 15 nemendur stunda nám. Þar eru nýir nemendur teknir inn annað hvert ár. Einnig er í boði tveggja ára diplómanám í myndlist við Myndlistaskóla Reykjavíkur þar sem 12 nemendur stunda myndlistarnám og útskrifast fyrsti hópurinn þaðan í vor. Fjölmennt studdi við diplómanámið í HÍ til ársins 2015 og fjármagnaði einnig diplómanámið í Myndlistaskólanum að hluta.

**Námsframboð verulega skert**

Frá árinu 2010 til 2017 hafa fjárframlög til Fjölmenntar hins vegar lækkað úr 258 milljónum í 254 milljónir. Ef upphæðin er uppreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs og launavísitölu ætti þessi upphæð að vera rúmlega 600 milljónir. Afleiðingar niðurskurðarins eru m.a. þær að námskeiðin eru færri og styttri, námsleiðir hafa verið lagðar niður, stuðningi við diplómanámið í Háskóla Íslands verið hætt og ekki stutt lengur við diplómanámið í Myndlistaskóla Reykjavíkur. Það er augljóst að námsframboð fyrir fólk með þroskahömlun hefur verið verulega skert og mun halda áfram að skerðast verði ekki sett aukið fé til þess.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um að allir eigi að hafa rétt á námi á öllum skólastigum. Samningurinn hefur verið staðfestur af Íslandi en ekki lögfestur. Því ber ríkinu strangt til tekið ekki á grundvelli hans að tryggja nemendum með þroskahömlun möguleika til framhaldsnáms að loknu námi á starfsbraut og eina fjármagnið sem fer í menntun þessa hóps er fjármagnið sem fer til Fjölmenntar. Þó skyldi maður halda að mannréttindaákvæði stjórnarskrár ættu að tryggja þessum hópi ungmenna möguleika til framhaldsnáms eins og öðrum ungmennum. Að gera það ekki felur í sér augljósa og ósættanlega mismunun.

**Hafa ekki í neina sjóði að sækja**

Á tveggja ára fresti hafa aðstandendur diplómanámsins í HÍ þurft að berjast fyrir því að námið fái að halda áfram en það er enn skilgreint sem tilraunaverkefni án fastra fjárframlaga. Vegna niðurskurðar hjá Fjölmennt getur stofnunin ekki stutt áfram við námið í Myndlistaskólanum í Reykjavík og skólinn býður nú svara frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um fjárstyrk til þess að geta haldið náminu áfram.

Aðrar menntastofnanir eða deildir innan menntastofnana sem hefðu áhuga á að bjóða upp á námsleiðir fyrir fólk með þroskahömlun hafa ekki í neina sjóði að sækja til að auka framboð sitt.

Þetta ástand er óásættanlegt og við skorum á stjórnvöld að standa með mannréttindum allra Íslendinga, ekki bara sumra og tryggja fjölbreyttara námsframboð fyrir fólk með þroskahömlun til jafns við aðra. Allir eiga rétt á því að rækta og njóta hæfileika sinna og til þess að stunda nám á öllum skólastigum. Þannig nýtum við allan þann mannauð sem í þjóð okkar býr og byggjum gott samfélag fyrir alla.

# Fjármálalæsi ungs fólks



**Ásta S. Helgadóttir**
umboðsmaður skuldara

**Það er þó ljóst að einstaklingar sem leita til embættisins, bera oft fyrir sig vankunnáttu í fjármálum sem hafi leitt til rangrar ákvörðunartöku og verri lífsgæða.**

Alþjóðleg fjármálalæsisvika stóð yfir dagana 27. mars til 2. apríl en tilgangur hennar var m.a. að stuðla að vitundarvakningu um mikilvægi fjármálalæsismenntunar og viðhorfsbreytingum í fjármálum. Af þessu tilefni var haldin ráðstefna í Háskólabíói þann 29. mars sl. um fjármálalæsi ungs fólks, þar sem undirrituð hélt erindi sem bar yfirskriftina: „Er ungt fólk í skuldavanda?“

Spurningin er áhugaverð í ljósi þess að umsóknum ungs fólks hefur fjölgað hlutfallslega hjá umboðsmanni skuldara. Hjá embættinu geta einstaklingar sótt um almenna ráðgjöf, úrræði greiðsluaðlögunar og fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Sem dæmi má nefna að árið 2016 voru 25 prósent umsækjenda um greiðsluaðlögun yngri en 30 ára, miðað við árið 2012 þegar hlutfall þessa aldurshóps var eingöngu fimm prósent. Sérstaka athygli vekur að enginn umsækjanda um greiðsluaðlögun á árinu 2016, yngri en 30 ára, býr í eigin húsnæði. Þetta er í takt við þá þróun að hlutfall leigjenda sem leita til embættisins hefur hækkað mikið.

Það er umhugsunarefni hvað veldur skuldavanda ungs fólks sem leitar til embættisins. Að mati undirritaðrar eru margþættar ástæður fyrir fjárhagsvanda þessara einstaklinga. Samkvæmt greiningu á umsækjendum um greiðsluaðlögun, yngri en 30 ára, er um að ræða tekjulága einstaklinga á leigumarkaði, sem skulda neysluskuldir, oft með óhagstæðum lánaskilmálum. Við skoðun þessara mála, má í flestum tilvikum greina tekjuvanda, þ.e. tekjur duga ekki fyrir grunnframfærslu og leigukostnaði, sem leiðir til skuldsetningar.

Því er ósvarað að hve miklu leyti skortur á fjármálalæsi hefur stuðlað að skuldavanda þessara umsækjenda, enda sérstakt rannsóknarefni út af fyrir sig. Það er þó ljóst að einstaklingar sem leita til embættisins, bera oft fyrir sig vankunnáttu í fjármálum sem hafi leitt til rangrar ákvörðunartöku og verri lífsgæða. Að mati undirritaðrar þarf að efla kennslu í fjármálalæsi strax frá unga aldri þar sem aukið fjármálalæsi stuðlar að fjárhagslegri velferð, bæði einstaklinga og samfélagsins í heild sinni. Það ætti því að vera sameiginlegt kappsmál okkar allra að bæta fjármálalæsi, enda mikilvægi þess ótvírætt.

www.n1.is facebook.com/enneinn






**Michelin CrossClimate**
Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.
Dekk sem henta margbreytilegum íslenskum aðstæðum sérlega vel og veita frábæra akstursegiginleika.



**Michelin Energy Saver**
Margverðlaunuð fyrir veggrip, endingu og eldsneytissparnað.



**Michelin Primacy 3**
Einstakir aksturseiginleikar.
Frábært grip og góð vatnslosun.
Ein bestu sumardekkin á markaðnum í dag.

**Hjólbarðaþjónusta N1**

Bíldshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394
Réttarhvammi Akureyri 440-1433

**Opið**
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
**www.n1.is**

Hluti af vorinu N1

## Vetur konungur enn að trufla knattspyrnufólk á Íslandi



Meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó Það er ekki uppáhaldslag íslenskra knattspyrnumanna og -kvenna þessa dagana. Pepsi-deild karla hefst þann 30. apríl og liggur knattspyrnufólk á bæn um að snjórinn verði horfinn þá. Svona var ástandið á Fylkisvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nýjast

**Dominos-deild karla**

**Keflavík - KR 81-74**

**Keflavík**: Amin Khalil Stevens 34/16 fráköst, Magnús Már Traustason 14/7 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 14/5 fráköst/8 stoðsendingar, Guðmundur Jónsson 9, Reggie Dupree 8, Ágúst Orrason 2.
**KR**: Jón Arnór Stefánsson 14/4 fráköst/5 stoðsendingar, Philip Alawoya 14/5 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 12/8 frák., Pavel Ermolinskij 9/4 fráköst, Kristófer Acox 9, Darri Hilmarsson 9, Sigurður Á. Þorvaldsson 6/5 fráköst, Þórir Þorbjarnarson 1
***Staðan í einvíginu er 1-1.***

ÓLI STÓÐ EKKI VIÐ ORÐ SÍN
Valsmenn verða ekki með í átta liða úrslitum Lengjubikars karla í fótbolta þrátt fyrir að vinna alla fimm leiki sína í riðli 3 og komast örugglega í útsláttarkeppnina. Valur átti að mæta KR í Reykjavíkurslag í átta liða úrslitunum sunnudaginn 9. apríl en degi síðar fer Valsliðið í æfingaferð til Bandaríkjanna. Valur gæti því aldrei spilað undanúrslitaleik 13. apríl ef liðið kæmist áfram. Félagið hefur því dregið liðið úr keppni. Þór frá Akureyri tekur sæti Valsara.

Ákvörðun Valsmanna að draga liðið úr keppni er nokkuð áhugavert í ljósi viðtals sem tekið var við þjálfarann Ólaf Jóhannesson á Fótbolti.net þann 19. mars. Þar var Ólafur spurður hvað Valsmenn ætluðu að gera ef þeir kæmust áfram sem var líklegt á þeim tíma. „Einhver hluti af okkur verður erlendis, ég veit ekki hvernig við göngum frá þessu. Ég er ekkert farinn að pæla í því,“ sagði Ólafur og bætti ákveðinn við að Valur myndi ekki draga liðið úr keppni.

# Örlögin á toppi og botni ráðast í kvöld

Úrslitin í Olís-deild karla í handbolta ráðast í kvöld þegar lokaumferðin fer fram. FH dugir jafntefli gegn Selfossi til að verða deildarmeistari í fyrsta sinn í aldarfjórðung. Í Mýrinni berjast Stjarnan og Akureyri hins vegar fyrir lífi sínu í deildinni. Fram er í flókinni stöðu.

HANDBOLTI **FH (1.) - Selfoss (5.)**
FH-ingar eru með eins stigs forskot á ÍBV á toppi deildarinnar. Og sökum betri árangurs í innbyrðis viðureignum gegn ÍBV dugir FH jafntefli gegn Selfossi á heimavelli til að verða deildarmeistarar. Það gerðist síðast 1992 en það ár vann FH alla þrjá stóru titlana sem í boði voru; urðu Íslands-, bikar- og deildarmeistarar..

Selfoss lyfti sér upp í 5. sæti deildarinnar með sigri á Val í síðustu umferð og heldur því með jafntefli eða sigri á FH. Tapi Selfyssingar og Valsmenn vinna Eyjamenn endar Selfoss í 6. sætinu.

**Valur (6.) - ÍBV (2.)**
Eyjamenn fóru illa að ráði sínu þegar þeir gerðu jafntefli við Akureyri á heimavelli í síðustu umferð. Fyrir vikið þurfa þeir að treysta á hjálp frá Selfyssingum til að verða deildarmeistarar. Til að það gerist þarf ÍBV að vinna Val og treysta á að FH tapi fyrir Selfossi.

Valsmenn hafa gefið hressilega eftir í deildinni að undanförnu, m.a. vegna þátttöku í Áskorendabikar Evrópu þar sem liðið er komið í undanúrslit. Valur getur náð 5. sætinu vinni liðið ÍBV og Selfoss tapar fyrir FH á sama tíma. Valsmenn geta einnig misst 6. sætið í hendur Gróttu eða Fram. Þeir geta hins vegar ekki endað neðar en í 7. sæti.

**Afturelding (4.) - Haukar (3.)**
Fyrirfram er þetta minnst spennandi leikur kvöldsins. Afturelding endar í 4. sæti sama hvernig úrslit kvöldsins verða. Með tapinu fyrir FH í síðustu umferð misstu Haukar af deildarmeistaratitlinum. Þeir geta þó náð 2. sætinu ef þeir vinna Aftureldingu og ÍBV tapar fyrir Val.

**Grótta (7.) - Fram (8.)**
Grótta er örugg með sæti í úrslitakeppninni en liðið endar aldrei neðar en í 8. sæti. Seltirningar geta náð 6. sætinu ef þeir vinna Fram og Valur tapar fyrir ÍBV.

Fram er sennilega í flóknustu stöðunni af öllum liðum deildarinnar en strákarnir hans Guðmundar Helga Pálssonar geta endað í 6.-9. sæti. Fram er með betri árangur í innbyrðis viðureignum gegn Val og getur náð 6. sætinu með sigri á Gróttu, að því gefnu að Valur tapi fyrir ÍBV. Með sigri á Gróttu er Fram öruggt með sæti í úrslitakeppninni en tap eða jafntefli gæti þýtt að liðið endaði í 9. sæti.




FH-ingar fagna sigrinum á Haukum í síðustu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Þetta helst í kvöld:

- FH verður deildarmeistari ef liðið nær stigi á móti Selfossi á heimavelli eða ÍBV tapar stigi á móti Val
- ÍBV verður deildarmeistari ef liðið vinnur Val og FH tapar fyrir Selfossi
- Stjarnan fellur ef liðið tapar fyrir Akureyri en getur enn þá komist í úrslitakeppnina
- Akureyri fellur ef liðið vinnur ekki Stjörnuna á útivelli

**Stjarnan (9.) - Akureyri (10.)**
Þetta er hreinn úrslitaleikur um áframhaldandi sæti í Olís-deildinni. Stjarnan er með betri árangur í innbyrðis viðureignunum og dugir því jafntefli til að forðast 10. sætið. Jafntefli gæti einnig skilað Stjörnunni 8. sætinu og sæti í úrslitakeppninni ef Fram tapar fyrir Gróttu.

Sigur er það eina sem kemur til greina hjá Akureyringum í kvöld, annars falla þeir niður í 1. deild.

Liðið sem endar í 9. sæti þarf að bíða til 9. maí eftir því hvort það heldur sæti sínu en þá kemur í ljós hvort liðum í Olís-deildinni verður fjölgað úr 10 í 12. Ef liðum verður fjölgað heldur liðið í 9. sæti sér í Olís-deildinni. ingvithor@365.is



# Fólk
Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 4. APRÍL 2017



Þrymur hefur glímt við nefstíflu frá unglingsaldri. Eftir að hann fór að taka Ginger, Turmeric & Bromelain er vandamálið úr sögunni. MYND/EYÞÓR

# Vandamálið horfið eftir mánuð

Ginger, Turmeric & Bromelain frá Natures Aid er mögnuð blanda sem byggð er á árþúsundagömlum austurlenskum lækningahefðum. Hún getur reynst vel við ýmiss konar bólgum og er afar góð fyrir meltinguna. →2



Tanya Dimitrova, eigandi Heilsuskóla Tanyu, er stöðugt á hreyfingu, kennir í yfir 20 tíma á viku. Hún gefur leiðbeiningar um hreyfingu yfir páskana.

heilsa →4



**Framhald af forsíðu ➪**

Engiferrót hefur í árþúsundir verið notuð í lækningaskyni í Kína við margs konar kvillum. Túrmerikrótin er náskyld engiferi og er notuð í bæði kínverskum og indverskum náttúrulækningum. Bromelain er ensím úr ananasplöntunni og hefur bæði góð áhrif á meltingu og bólgur og vísbendingar eru um að það geti haft víðtæk heilsufarsleg áhrif, til góðs.



### Fann mun eftir viku

*Þrymur Sveinsson tæknimaður*

„Fyrst þegar Ginger, Turmeric & Bromelain fékk umfjöllun í Fréttablaðinu fannst mér samsetningin í bætiefninu vera áhugaverð. Ég las mér betur til á netinu og þar sem þær greinar sem ég fann gáfu sömu niðurstöðu ákvað ég að kaupa glas til reynslu. Ástæðan er sú að allt frá unga aldri hafði ég átt við vandamál í öndunarfærum að stríða sem lýsti sér m.a. í stífluðu nefi. Engin lausn fannst þrátt fyrir heimsóknir til lækna og sérfræðinga sem skoðuðu mig vandlega. Þeir fundu enga ástæðu. Vandamálið versnaði stöðugt og ég var farinn að nota Otrivin allt upp í fjögur skipti á dag þegar ég var sem verstur. Eftir að hafa notað Ginger, Turmeric & Bromelain í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið. Ég gat dregið andann áreynslulaust án hjálparefna í fyrsta skiptið síðan á unglingsaldri. Ég hef notað Ginger, turmeric & bromelain að staðaldri síðan og að mínu mati eru gæði þessa náttúrulyfs ótvíræð.“

**Eftir að hafa notað Ginger, Turmeric & Bromelain í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið.**

Þrymur Sveinsson tæknimaður

### Gott gegn bólgum og eykur blóðflæði

„Erfitt er í stuttu máli að telja upp kosti þessara efna en þau hafa lengi verið notuð innan óhefðbundinna lækninga og eru mikið notuð í hinum indversku ayurveda-fræðum við verkjum og bólgum vegna meiðsla, slits og tognunar svo dæmi séu nefnd. Kúrkúmín, sem er virka efnið í túrmerik, hefur einstök andoxunaráhrif, verndar liðina, minnkar magn histamíns og eykur náttúrulega framleiðslu kortisóns sem hefur bólgueyðandi áhrif. Engifer er blóðþynnandi og er mjög gott fyrir blóðflæðið. Einnig getur það dregið úr bólgum, jafnað blóðsykur og minnkað ógleði ásamt því að hafa jákvæð áhrif á ónæmiskerfið. Bromelain er síðan græðandi og hefur góð áhrif á meltinguna. Segja má að þetta ensím fullkomni þessa jurtablöndu,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### Hvað er Bromelain

Bromelain er að sögn Hrannar ensím úr ananasplöntunni en þetta ensím brýtur niður prótein og getur því nýst fólki með meltingarvandamál, rétt eins og meltingarensím. „Þá er bromelain notað til að draga úr bólgum en það hefur hjálpað fólki með liðverki og liðagigt. Vísbendingar eru um að það hafi góð áhrif á frjókornaofnæmi, vandamál í ennis- og kinnholum, magabólgur eða magasár og niðurgang en það þarfnast þó fleiri rannsókna.“

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

**Nefstíflur úr sögunni eftir að ég fór að taka Ginger, Turmeric & Bromelain**

**ÖFLUGT OG Á ÓTRÚLEGU VERÐI**

Vegan












# 5 atriði sem torvelda megrun

### 1. Að telja kaloríur

Kaloríur eru ekki það sama og kaloríur. Kaloríur sem koma úr unnum kolvetnum og sykri gera það að verkum að þú þarft að borða meira til finna til seddu. Kaloríur úr hollri fitu, trefjum og próteini eru saðsamari þó þær innihaldi mögulega fleiri kaloríur og þú borðar minna. Kaloríur úr óunnum matvælum innihalda sömuleiðis mun meira af næringarefnum og eru því mun betra eldsneyti fyrir kroppinn.

### 2. Að borða kolvetnaríkan morgunmat

Kolvetnaríkur morgunmatur á borð við morgunkorn, ristabrauð með sultu og appelsínusafa leiðir til hungurs skömmu síðar. Próteinríkur morgunverður dregur hins vegar úr hungurtilfinningu og dugar þér mun lengur.

### 3. Að sofa of lítið

Rannsóknir sýna bein tengs á milli of lítils svefns, ofáts og fitusöfnunar. Átta tíma svefn er ákjósanlegur fyrir þá sem vilja grennast.

### 4. Að nota mat sem afþreyingu

Margir kannast við að borða þegar þeim leiðist, eru stressaðir, þreyttir, þyrstir eða einfaldlega af því uppáhalds þátturinn er í sjónvarpinu. Líttu á mat sem eldsneyti í stað afþreyingar og borðaðu aðeins þegar hungrið segir til sín.

### 5. Að láta undan þrýstingi.

Þeir sem ná árangri við að grennast kannast margir við óþægilegan þrýsting frá fjölskyldu og vinum sem hafa takmarkaðan skilning á hversu mikið þarf að leggja á sig við að halda fitupúkanum frá. Sumir láta undan þrýstingnum og detta þannig í óhollustuna á ný.



# HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ CURCUMIN?

Gullkryddið sem hefur reynst þúsundum Íslendinga vel.

100% NATURAL




GOOD MANUFACTURING PRACTICE GMP QUALITY PRODUCT

**Curcumin „Gullkryddið“ er margfalt áhrifameira en Túrmerik!**



BLÁI NAGLINN

**Í apríl mánuði renna 100 krónur af hverri seldri dós til stuðnings Bláa naglans**

„Hreinleiki, gæði og virkni skiptir mig miklu máli þegar ég vel fæðubótarefni.

Þess vegna mæli ég tvímælalaust með vörunum frá Natural Health Labs.“

**Helga Lind – Pilateskennari og einkaþjálfari**






Bætiefnin innihalda hvorki rotvarnarefni né fylliefni og eru án allra aukaefna.

*Bætt heilsa og betri líðan með*
Natural Health Labs
*100% náttúruleg bætiefni*

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórverslana.**

BALSAM ehf
www.balsam.is



Tanya Dimitrova er hóptímakennari, danskennari og eigandi Heilsuskóla Tanyu í Kópavogi. Hún er stöðugt á hreyfingu.

# Gott að hreyfa sig um páskana

Tanya Dimitrova, eigandi Heilsuskóla Tanyu, er stöðugt á hreyfingu, hún kennir í yfir 20 tíma á viku. Tanya hvetur fólk til að nota tímann vel og hreyfa sig í páskafríinu.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Tanya rekur Heilsuskólann og stofnaði sýningarhópinn Tanya og dansdívurnar árið 2010 sem hafa víða komið fram. Margir hlakka til páskafrísins en þá er upplagt að hreyfa sig og njóta lífsins. Tanya var spurð hvaða hreyfing hentaði fólki best þegar gott frí gefst.

„Það er ekki góð hugmynd að sleppa allri hreyfingu eða líkamsrækt í páskafríinu. Best er að stunda einhverja hreyfingu á hverjum degi þótt ekki sé farið í líkamsræktarsalinn. Það er hægt að fara í göngutúr, út að skokka, hjóla, fara í sund, spila fótbolta, fara á gönguskíði eða dansa. Ýmislegt er hægt að gera. Líkaminn er skapaður til að hreyfa sig daglega. Kyrrseta leiðir til ýmissa vandamála, bakverkja, stífleika í liðamótum og stirðleika. Svo verður skapið betra með hreyfingu,“ segir Tanya og bætir við að hver og einn verði að finna hreyfingu við hæfi.

## Gott að hafa tónlist

„Það er gott að hlusta á tónlist á meðan við hreyfum okkur,“ segir hún. „Það er vitað að hreyfing er fyrirbyggjandi gagnvart ýmsum lífsstílssjúkdómum. Ekkert er meira hressandi en að fara í stuttan göngutúr eftir kvöldmatinn. Það auðveldar meltinguna, minnkar stressið svo ekki sé minnst á ávinning þess að labba saman og spjalla við makann, börnin eða góðan vin eða vinkonu. Vísindamenn hafa sannað með rannsóknum að það er hættulegra heilsunni að sitja eða liggja til lengri tíma í sófanum á kvöldin, heldur en að fara í fallhlífarstökk.

## Sameinar fjölskylduna

Til viðbótar við göngutúr væri gott að gera til dæmis 50 hnébeygjur, 30 armbeygjur og 30 þríhöfðadýfur. Með styrktarþjálfun byggjum við upp sterkari vöðva og bein, eitthvað sem við töpum með aldrinum ef við æfum ekki. Páskafríið er fjölskyldufrí svo það er skemmtilegt að finna hreyfingu sem sameinar alla, það er dýrmætt í nútíma samfélagi. Til að ná sem bestum árangri þarf að hreyfa sig í 45 mínútur samfellt. Fjölbreytni í hreyfingu er nauðsynleg, bæði til að koma vöðvunum og líkamanum stöðugt á óvart og til þess að manni leiðist ekki. Trampólín fitness hefur til dæmis algjörlega slegið í gegn og sömuleiðis aqua zumba,“ segir Tanya. „Aqua zumba hentar öllum, fólki með liðamóta- og/eða bakvandamál sem má ekki hoppa og stunda þolfimi sem og fólki sem vill taka vel á og komast í gott form með nýjum hætti.“

Þegar maður gengur úti þarf það að vera rösklega til að fá hjartað til að slá hraðar. Þetta á einnig við um sundið, best er að syndar 500-1.000 metra samfellt. Síðan er hægt að slappa af í heita pottinum á eftir,“ segir Tanya enn fremur.

> **Það er** ekki góð hugmynd að sleppa allri hreyfingu eða líkamsrækt í páskafríinu. Best er að stunda einhverja hreyfingu á hverjum degi.
>
> Tanya Dimitroca

## Ekkert súkkulaði

Margir detta í súkkulaðiát um páska. Tanya segir að svo þurfi ekki að vera. „Það er best að gera eins og ég lærði þegar ég var barn, en ég ólst upp í Búlgaríu. Þá suðum við egg í potti, máluðum eggin í öllum regnbogans litum, geymdum í ísskápnum og borðuðum sem nesti alla páskadagana. Við fáum að sjálfsögðu betri næringu úr soðnu eggjunum en úr súkkulaðinu.“

Tanya hefur rekið Heilsuskólann í nokkur ár og segir að uppselt hafi verið á nánast hvert námskeið. „Fólk finnur alltaf tíma fyrir hreyfingu ef viljinn er fyrir hendi. Það næst ekki árangur með afsökunum. Ef maður finnur ekki tíma til að hugsa um heilsuna í dag mun heilsan ekki hafa tíma fyrir þig á morgun.













# Bílar

Kynningar:
Nissan Micra
Skoda Kodaq
Suzuki Ignis

ÞRIÐJUDAGUR 4. APRÍL 2017




ID Buzz rúgbrauð. Volkswagen sýndi þennan tilraunabíl sem er skýr tilvitnun í gamla VW rúgbrauðið. Þessum bíl hefur verið vel tekið í Evrópu og Bandaríkjunum en þeir Volkswagenmenn ætla ekki að taka endanlega ákvörðun um fjöldaframleiðslu hans fyrr en þeir hafa fengið staðfest að hann líki vel um alla heimsbyggðina, ekki síst í Kína.

## Fegurð, hestöfl og rafdrifnir bílar í Genf

Öndvert við síðustu stórar bílasýningar þá var höfuðáherslan ekki endilega á rafmagnsbíla þó þeir hafi víða sést. Væri fremur hægt að tala um fjölbreytni og ógnarbýsn af fallegum bílum, ekki mjög ódýrum. →8





ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN

olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 164687

BÍLAR

# Vaxandi vinsældir flýtir komu Audi með nýjan jeppa

Í herbúðum Audi er sú trú að innan fárra ára verði sala jeppa og jepplinga fyrirtækisns orðinn helmingur af heildarsölunni. Sívaxandi vinsældir þeirra um allan heim nú eflir þá trú og til að bregðast við því ætlar Audi að auka mjög við úrvalið í þesskonar bílum og flýta komu þeirra umfram fólksbíla. Audi stefnir að því að eftir aðeins tvö ár verði úrval jeppa og jepplinga komin í 7 gerðir frá 4 nú. Jeppar og jepplingar eru nú um þriðjungur sölu Audi, en 40% sölunnar í Kína og 47% sölunnar í Bandaríkjunum. Á næsta ári mun Q8 flaggskipið í þessum flokki líta dagsljósið. Einnig mun á næsta ári koma fram hreinræktaður rafmagnsjepplingur og á eftir honum Q4 jepplingur, en hann mun fá heilmikil útlitseinkenni frá TT Offroad tilraunabílnum. Audi hefur nýverið kynnt nýja kynslóð Q5 jepplingsins og ný kynslóð Q3 kemur á næsta ári. Á síðasta ári kynnti Audi glænýjan smáan Q2 jeppling.

Seldu 622.000 jeppa og jepplinga í fyrra



Audi Q8 jeppinn á sýningarpöllunum í Genf á dögunum.

Í fyrra seldi Audi 622.000 jeppa og jepplinga og nam sala Q5 jepplingsins 279.000 af þeim og var hann þeirra söluhæstur. Sala jeppa og jepplinga Audi hefur risið hratt á síðustu árum. Hún var aðeins 6% árið 2006, 18% árið 2011 og 33% í fyrra og stefnir í 50% á næstu árum að sögn þeirra Audi manna. Mercedes Benz býður nú meira úrval af jeppum og jepplingum en Audi, alls 7 gerðir og BMW er með 5 gerðir. BMW vinnur að komu X7 flaggskips, sem og X2 jepplings. Það er því ekki nema von að Audi slái nú í hestinn hvað fjölgun bílgerða í flokknum varðar.

# BMW jepplingur og jeppi á leiðinni

Á síðasta ári náði Mercedes Benz að selja fleiri bíla en BMW, í fyrsta sinn frá árinu 2004 og hafði BMW því haldið sölukórónunni í tólf ár þar til Mercedes Benz náði henni aftur í fyrra. Benz seldi 2,23 milljón bíla og eru þá bílar Smart reiknaðir með. BMW seldi rétt rúmlega 2 milljónir bíla í fyrra, en ef merkin Rolls Royce og Mini eru talin með en þau eru í eigu BMW var heildarsalan reyndar hærri en hjá Benz, eða 2,37 milljón bílar. Engu að síður seldust færri BMW bílar en Benz bílar. BMW ætlar að ná sölukórónunni aftur af Mercedes Benz og liður í þeirri áætlun er að kynna 40 nýja bíla á næstu tveimur árum. Flestir þeirra eru nýjar kynslóðir þekktra bíla BMW, en sumir þeirra þó glænýjar gerðir. Meðal þeirra er X2 og X7 jepplingur og jeppi. BMW ætlar líka að kynna arftaka Z4 sem gæti fengið stafina Z5 og nýja kynslóð i8 Spyder sem á að koma á næsta ári. Stutt er í nýjan X3 jeppling, líklega



BMW ætlar að kynna til leiks hvorki fleiri né færri en 40 nýja bíla.

bara nokkrir mánuðir og heyrst hefur að hann muni einnig fást í M-útgáfu. Þá hafa heyrst raddir um að BMW ætli að kynna nýjan 8-series bíl og að hann líti dagsljósið árið 2019 og að nýr rafmagnsbíll verði kynntur árið 2021. BMW ætlar að eyða samtals 10 milljörðum evra í þróun nýrra bíla sinna, svo það verður nóg að gera hjá hönnuðum og verkfræðingum BMW á næstunni. Hvort það dugar til að ná sölukórónunni aftur af Mercedes Benz verður hinsvegar bara að koma í ljós.

# Forstjóri Volvo sér framtíðina í rafvæðingu bíla

**Verðum að hafa skýra sýn og áherslan á tengiltvinnbíla og rafmagnsabíla. Sér ekki mikla framtíð í dísilbílum og segir að Volvo eigi ekki að byggja sjálft upp rafhleðslunet, það eigi aðrir að gera. Lækkandi verð á batteríum lækkar verð.**

Hakan Samuelsson er sannfærður um að framtíð bíliðnaðarins liggi í rafvæðingu bíla, en bætir því jafnfram við að hann gæti haft á röngu að standa. Hann sér litla framtíð í dísilvélum í ljósi þeirra ströngu mengunarstaðla sem þeim hefur verið settar hvað varðar NOx mengun. Í þessu ljósi muni Volvo einbeita sér í síauknu mæli að tengiltvinnbílum með bensínvélum og rafmótorum, sem og hreinræktuðum rafmagnsbílum. Hakan segir dísilvélina þó ekki dauða en sér fyrir sér að bílar með slíkar vélar þurfi einnig að hafa rafmótora til að uppfylla mengunarskilyrði.



adasdasdasd

### Þróun brunavélarinnar að mestu yfirstaðin

Hann sgir þróunina á síminnkandi eyðslu bæði bensín- og dísilvélar að mestu yfirstaðna svo lausnin til að standast sífellt auknar kröfur um litla mengun sé fólgin í því að bæta við rafmótorum. Það hefur Volvo reyndar þegar gert með nýja XC90 T8 og S90/V90 T8 bíla sína, sem og fleiri bíla. Volvo ætlar einnig að setja á markað fyrsta hreinræktaða rafmagnsbíl sinn árið 2019, eða eftir aðeins tvö ár. Árið 2025 ætlar Volvo að eiga 1 milljón bíla á götunum sem annaðhvort eru rafmagnsbílar eða tengiltvinnbílar. Forstjórinn sagði að ekki bara hann, heldur almenningur almennt væri afar hrifið af aksturgetu og snerpu bíla með rafmótorum og að fólk sé orðið tilbúið að kaupa slíka bíla aðeins á þeim forsendum að þeir væri svo skemmtilegir, ekki bara sparneytnir, umhverfisvænir og ódýrir í rekstri. Þeir séu að auki yndislega hljóðlátir.

### Rafmagnsbílar verða brátt jafn ódýrir

Hann telur einnig að sílækkandi verð á rafhlöðum muni brátt gera bíla með rafmótorum jafn ódýra og hefðbundna bensín- eða dísilbíla. Volvo ætlar ekki að telur sig ekki hafa það hlutverk að byggja upp rafhleðslunet og telur aðra sjá tækifæri í því, aðila sem betur eru til þess hæfir og sjá viðskiptatækifæri í því. Það henti ekki bílaframleiðendum, þeir eigi að smíða bíla en aðrir aðilar að sjá um orkuþörf þeirra, líkt og olíufélögin nú. Voilvo sér einnig tækifæri í vetnisbílum, en ætlar ekki að leggja höfuðáherslu á smíði þeirra. Volvo verði að einblína á það sem þeir hafa mesta trú á og það er að rafvæða bíla. Fókusinn megi ekki vera á of mörgum stöðum, en Hakan bætti því við að hann gæti haft á röngu að standa þarna, en tíminn einn myndi leiða það í ljós.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is, Sími 512 5457
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is






VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN

Ís-Band er umboðsaðili Fiat Chrysler Automobiles (FCA) á Íslandi.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Við tökum vel á móti þér.
Tímapantanir í síma 534 4433.

ALFA ROMEO · CHRYSLER · DODGE · FIAT · FIAT PROFESSIONAL · Jeep · RAM · MOPAR

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00




The Power to Surprise

## Kia Sportage hugsar fyrir öllu

Ný kynslóð Kia Sportage setur ný viðmið í hönnun, þægindum og öryggi. Þessi spennandi sportjeppi er fáanlegur bæði sjálfskiptur og beinskiptur, með og án fjórhjóladrifs. Hann er hlaðinn fyrsta flokks tæknibúnaði og hugsar fyrir öllu. Þú þarft bara að halda um stýrið og njóta útsýnisins.

**Kia Sportage bíður þín í Öskju. Komdu og reynsluaktu.**

**Nýr Kia Sportage á verði frá:**

Beinskiptur — 4.390.777 kr.
Sjálfskiptur — 4.690.777 kr.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

## SNÝR VOLGAN AFTUR?



Hver man ekki eftir Volga bílunum rússnesku sem komnir eru á einhvern aldur? Nú gætu bílar með Volga merkinu snúið aftur á næstunni, en framleiðslu þeirra var hætt árið 2010. Volga er hluti af GAZ Group sem framleiðir mestmegnis atvinnubíla og er með höfuðstöðvar í Nizhny Novgorod í Rússlandi. Síðasti fólksbíll Volga bar nafnið Siber og var systurbíll Chrysler Sebring. Volga var áður þekkt fyrir að smíða lúxusbíla, að minnsta kosti á rússneska vísu. Ef af framleiðslu Volga bíla verður munu þeir ekki verða lúxusbílar heldur smáir bílar og smáir sendibílar á stærð við Volkswagen Caddy. GAZ framleiðir nú sendibílinn GAZelle, en ef af Volga sendibíl yrði, væri hann talsvert minni bíll. GAZelle er einn bíla í línu GAZ sem inniheldur pallbíla, sendibíla, litla strætisvagna og fjölnotabíla. Ástæðan fyrir GAZ að nota áfram merki Volga er að ímynd þess er sterk í Rússlandi og fyrirtækið þekkt fyrir að smíða sterka bíla sem bila lítið og það væri ekki slæmt orðspor fyrir vinnubíla, hvað þá fólksbíla fyrir almenning. Nýir Volga bílar yrðu samt ódýrir. Lokaákvörðun hefur ekki verið tekin innan herbúða GAZ og ef hún yrði jákvæð er ekki ljóst hvort Volga bílar yrðu byggðir á nýjum undirvagni eða á undirvagni annarra þekktra framleiðenda.

## AUDI STÖÐVAR FRAMLEIÐSLU Á A4 OG A5 VEGNA ELDSVOÐA

Í verksmiðju Audi í höfuðstöðvunum í Ingolstadt í Þýskalandi eru framleiddir bílarnir A3, A4, A5, Q2 og Q5, en stöðva hefur þurft framleiðslu á Audi A4 og A5 í fjóra daga vegna eldsvoða sem varð í verksmiðju eins af íhlutaframleiðendum þeim sem útvegar hluti í A4 og A5 bílana. Á hverjum degi eru framleiddir þar 1.400 A4 og A5 bílar og verður því Audi af framleiðslu 5.600 bíla vegna skorts á þessum íhlutum. Af alls 43.000 starfsmönnum í verksmiðjunni fá 8.500 þeirra frí í þessa fjóra daga. Audi framleiðir einnig A4 og A5 í verksmiðju sinni í Neckarsulm og þar hefur framleiðslan haldið áfram ótrufluð. Auk A4 og A5 bílanna eru framleiddir bílarnir A6, A7, A8 og R8 í verksmiðjunni.

# Fjölskylduharmleikur endar sögu Piech í VW

Dró frænda sinn inn í dísilvélasvindlið. Fjölskyldan fékk nóg og bolaði Ferdinand Piech úr öllum áhrifastöðum VW og neyddi hann til að selja allan sinn hlut.





Ferdinand Piech (f.h.) og Martin Winterkorn á meðan allt lék í lyndi.

Einn athygliverðasti og mikilvægasti starfsferill í bílasögunni frá tímum Henry Ford endar með sölu Ferdinands Piech á 15 prósenta hlut sínum í stærsta bílaframleiðanda heims, Volkswagen Group. Þar fara stórar fréttir, en það sem veldur þeim er jafn athyglivert, eða miklar fjölskyldudeilur. Almennt er talið að Ferdinand Piech sé áhrifamesti maður bílaiðnaðarins frá síðari heimsstyrjöld, en hann og fjölskylda hans hefur byggt upp þetta stærsta bílafyrirtæki heims og á meira en helming eignarhluta þess. Ferdinand Piech er afabarn Ferdinands Porsche.

Mikil biturð á að hafa setið í Ferdinand Piech síðan honum var bolað úr stóli stjórnarformanns VW Group í apríl árið 2015 í átökum innan fjölskyldunnar. Á þeim tíma vildi hann losna við þáverandi forstjóra VW Group, Martin Winterkorn, en aðrir í fjölskyldu hans stóðu gegn því og með forstjóranum. Það leiddi til afsagnar hans sem stjórnarformaður. Það að hann persónulega skuli eiga um 15% í VW Group og sé með því áhrifamikill í stærri ákvörðunartökum er ekki góð staða fyrir ættmenni hans sem eiga þó samtals yfir 35% í fyrirtækinu. Nú hefur Ferdinand Piech tekið þá ákvörðun, eða verið gert, að selja sín 15% til skyldfólksins sem hann hefur átt í sem mestum deilum við, honum leyfist ekki að selja hlut sinn öðrum en þeim.

Dísilvélasvindl Volkswagen blandast í málið á þann hátt að Piech bar vitni fyrir rannsóknaraðilum og þar sagði hann að hann hefði varað stjórnendur við þessum svindlaðferðum í febrúar árið 2015 Hinir í fjölskyldunni þræta fyrir þessi ummæli Ferdinands Piech og segjast ekki hafa vitað af dísilvélasvindlinu fyrr en það uppgötvaðist í Bandaríkjunum í september árið 2015. Ættingjarnir hafa lengi viljað losna undir ægivaldi og stundum hrokafullu gerræði hans við stjórn VW Group. Þessi fjölskylduharmleikur hlaut því bara að enda á einn veg, með brotthvarfi Piech frá öllum völdum og eignarhaldi í fyrirtækinu.






**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur heldur betur slegið í gegn. Þessi fjórhjóladrifni gæðingur gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni, svo þú kemst allra þinna leiða með góðri samvisku. Komdu og prófaðu!

**Mitsubishi Outlander PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**4.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

KYNNING:

# Góð þjónusta í fyrirrúmi

## Framúrskarandi þjónusta og fagmennska er í fyrirrúmi hjá verkstæði Toyota Kauptúni. Boðið er upp á alla almenna þjónustu og viðgerðir á Toyota bifreiðum, auk hraðþjónustu og bilanagreiningu á meðan beðið er.

Toyota hefur verið söluhæsta bíltegund á Íslandi 27 ár í röð og um 50 þúsund Toyota bifreiðar eru á götum landsins. Verkstæði Toyota, sem er eitt stærsta bifreiðaverkstæði á landinu, er 3.500 fermetrar að gólffleti með 48 vinnustæðum. Mikil áhersla er lögð á umhverfisvernd og aðbúnað starfsmanna hjá Toyota Kauptúni, sem er ISO 14001 umhverfisvottað fyrirtæki.

Ásgeir Þorsteinsson og Jóhann Þorsteinsson verkstjórar standa vaktina á verkstæðinu sem sinnir allri almennri þjónustu og viðgerðum. „Okkar metnaður liggur í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Helstu verkefnin snúa að smurþjónustu, þjónustuskoðun og almennu viðhaldi Toyota bíla. Við leggjum mikið upp úr því að fólk láti þjónusta bílana sína vel því þannig endast þeir betur. Fyrirbyggjandi viðhald lengir líftíma bílsins,“ segir Jóhann.

„Við höfum gríðarlega öflugan hóp bifvélavirkja á verkstæðinu sem hafa mikinn metnað, umfang verkefna er töluvert mikið á svo stóru verkstæði en Toyota-floti landsins er líka gríðarlega stór. Til viðbótar sjáum við einnig um ásetningu aukahluta á nýja sem notaða bíla,“ segir Ásgeir.

Ef fyrirhuguð eru kaup á notuðum bíl er hægt að láta söluskoða hann á verkstæðinu.



Ásgeir Þorsteinsson og Jóhann Þorsteinsson verkstjórar standa vaktina á verkstæðinu sem sinnir allri almennri þjónustu og viðgerðum. MYND/ANTON

### Nýjustu tæki Toyota

Verkstæði Toyota Kauptúni er mjög vel tækjum búið. Þar eru öll tæki og tól, sérverkfæri og greiningaverkfæri sem höfuðstöðvar Toyota gera kröfur um, auk hátæknibúnaðar sem greinir allar hugsanlegar bilanir. „Við leitumst við að standa við allar tímaáætlanir. Þegar komið er með bílinn í þjónustuskoðun er markmiðið að hann sé tilbúinn samdægurs en ef gera þarf við bílinn eða þörf á frekari þjónustu en ætlað var í fyrstu, þá látum við fólk strax vita,“ segir Ásgeir.

### Allt undir sama þaki

Verkstæði Toyota Kauptúni hefur góðan aðgang að varahlutum frá Toyota í Evrópu. „Þegar viðskiptavinir okkar koma með bíla sína í þjónustu þá útbúum við kostnaðaráætlun svo fólk hafi hugmynd um hvað þjónustan komi til með að kosta sem og áætluð verklok. Í verkstæðismóttöku tökum við á móti öllum verkefnum sem berast til þjónustudeilda Toyota Kauptúni, við leggjum mikla áherslu á persónulega og faglega þjónustu og eru starfsmenn verkstæðismóttökunnar ávallt til þjónustu reiðubúnir,“ segir Jóhann.

Undir sama þaki eru seldir auka- og varahlutir og bein tenging er við söludeild nýrra og notaðra bíla. „Þetta er allt í einu rými hjá okkur svo fólk getur gengið hér um og skoðað í rólegheitum,“ segir Ásgeir.

### Hraðþjónusta fyrir minni viðgerðir

„Við erum með hraðþjónustu þar sem hægt er að fá allar minni viðgerðir án þess að panta tíma. Við sinnum einnig þjónustu þar sem fólk getur komið og fengið strax greiningu á bilun en þá lesum við bilanakóða í bílnum. Allar minni athuganir eru gerðar á meðan fólk bíður en við kappkostum að biðtíminn sé sem stystur. Ekki þarf að panta tíma í slíkar skoðanir,“ segir Ásgeir en fimm starfsmenn sinna þessu starfi. „Ef bilanaljós kviknar vill fólk gjarnan láta skoða það strax. Við reynum samstundis að finna út hvað er að bílnum og hvort hægt sé að keyra áfram á honum eða hvort viðgerðar er þörf,“ segir Jóhann.

Á meðan beðið er geta viðskiptavinir látið fara vel um sig í setustofu, fengið kaffi og meðlæti, horft á sjónvarp og að auki er frí nettenging í boði. „Hér eru gerðar reglulegar þjónustukannanir þar sem við skorum hátt. Niðurstöður úr þeim sýna að almennt eru viðskiptavinirnir mjög ánægðir með okkar þjónustu,“ segir Ásgeir.



Verkstæði Toyota, sem er eitt stærsta bifreiðaverkstæði á landinu, er 3.500 fermetrar að gólffleti, með 48 vinnustæði og vel búið öllulm tækjum.



Framúrskarandi þjónusta og fagmennska er í fyrirrúmi á verkstæði Toyota Kauptúni. Verkstæðið fær hátt skor í vikulegum þjónustukönnunum.



Lögð er áherslu á þjálfun starfsmanna með námskeiðahaldi og endurmenntun. MYND/ANTON



Verkstæði Toyota Kauptúni hefur góðan aðgang að varahlutum frá Toyota í Evrópu. MYND/ANTON

> **Okkar metnaður liggur í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.**
>
> Jóhann Þorsteinsson

### Frábært starfsfólk

Hjá Toyota Kauptúni starfar fjöldi frábærra starfsmanna sem býr yfir mikill reynslu að öllu sem snýr að bílum. „Við hugsum líka til framtíðar og erum með nema í bifvélavirkjun. Við leggjum mikla áherslu á þjálfun starfsmanna og kappkostum við að innleiða nýjungar með námskeiðum og endurmenntun,“ segir Ásgeir.

Ef fólk á pantaðan tíma hjá verkstæði Toyota getur það komið með bíllykilinn kvöldið áður og sett hann í þar til gerða lúgu.

Toyota Kauptúni er opið kl. 7:45-18:00 virka daga og 12-16 laugardaga. Neyðarþjónustu er sinnt ef þörf er á.

KOSTIR OG GALLAR
**NISSAN MICRA**

- 1,5 LÍTRA DÍSILVÉL MEÐ FORÞJÖPPU
- 90 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 3,2 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 85 g/km CO2
**Hröðun:** 11,9 sek.
**Hámarkshraði:** 179 km/klst.
**Verð frá:** 2.190.000 kr.
**Umboð:** BL

Kostir:
- Fegurð
- Akstursgeta
- Búnaður
- Tækninýjungar

Gallar:
- Mætti bjóðast með aflmeiri vélum

# Tímamótabreyting á Micra

## Leit er að meiri og jákvæðari breytingu á bíl og á það bæði við útlit og akstursgæði. Fagur bíll leysir af blöðrulaga forverann og fimmta kynslóð Micra er komin til að vekja athygli og seljast enda gott að keyra hann.

**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is



Þrátt fyrir gríðarmikla heildarsölu á Nissan Micra frá komu hans árið 1983, alls yfir sjö milljón bíla, hefur sala hans verið á niðurleið og aldrei eins mikil ástæða til að uppfæra hann og nú. Það hefur Nissan nú gert og var ný kynslóð bílsins kynnt fyrir blaðmönnum í Dubrovnik á dögunum. Nissan Micra hefur reyndar fallið niður fyrir tíunda sætið í sölu í sínum stærðarflokki og það er staða sem Nissan gat ekki unað við. Þvílík breyting á einum bíl. Hann hefur breyst frá því að vera blöðrulaga lítt fagur bíll í aðlaðandi og framúrstefnulega teiknaðan smábíl. Eldri kynslóð bílsins var teiknuð meira fyrir aðra markaði en Evrópu, en sá nýi er bæði teiknaður í Evrópu og ætlaður sérlega fyrir Evrópumarkað. Nissan Micra kemur nú af fimmtu kynslóð en hann tilheyrir B-stærðarflokki bíla. Micra hefur bæði lengst og breikkað, en lækkað til þaksins og var full þörf á þar sem fyrri gerð hans var eiginlega fíflalega hár bíll miðað við hve nettur hann var. Nú lítur Micra afar sportlega út, með rétt hlutföll og sannarlega gullfallegur bíll.

### Jafn mikil breyting að innan

Ef bíllinn hefur breyst á dramatískan hátt að utan má segja að ekki minni breyting sé á innvolsi hans og þar hefur Nissan staðið sig og lagt vel í. Það átti greinilega að fara alla leið og til dæmis er Bose hljóðkerfi staðalbúnaður og einn hátalarinn er í höfuðpúða ökumanns, eitthvað sem ekki er títt í bílum, en einkar frumlegt. Sætin í bílnum eru hrikalega flott og tvílit í öllum útfærslum. Greinarritari minnist þess ekki að hafa séð fagurri innréttingu í þessum stærðarflokki bíla. Nissan hefur einnig hlaðið bílinn nýjustu tækni og meðal annars er akreinaskiptivari sem beinir bílnum aftur á rétta akrein ef ekki er gefið stefnuljós. Er það staðalbúnaður. Reyndar má deila um það hvort svo mikil afskipti af akstri séu æskileg og sýnist sitt hverjum um það, en það kennir a.m.k. bílstjórum að vera ekki að skipta um akrein nema gefa stefnuljós áður. Svo má fá 360 gráðu myndavélarsýn sem birtist á góðum upplýsingaskjánum í mælaborðinu. Eins og með svo marga aðra bíla Nissan má fá Micra í misuppfærðum útfærslum, þ.e. Visia, Visia+, N-Connecta og þeirri dýrustu, Tekna. Nissan býður líka með nýrri kynslóð marga möguleika til að persónugera bílinn, allt eftir óskum hvers og eins og ræður litagleðin þar ríkjum og fyrir vikið hæglega hægt að útfæra bílinn þannig að enginn annar slíkur finnist á landinu. Micra verður aðeins í boði sem 5 dyra bíll, enda væntanlega lítil eftirspurn eftir honum í 3 dyra útfærslu.



Breytingarnar eru auðsjáanlegar og fellur bíllinn vel inn í glæsilegt umhverfi í Króatíu.

### Þrjár gerðir smárra véla

Þegar kemur að vélarkostum í Micra er þar að finna þrjár nýjar vélar, allar með fremur litlu sprengirými en samt talsvert snarpari en í forveranum. Fyrst er að telja 90 hestafla 0,9 lítra og þriggja strokka bensínvél með forþjöppu, en einnig má velja 1,0 lítra þriggja strokka bensínvél sem er aflminni, eða 73 hestöfl og með mun minna tog, eða 95 Nm í stað 140 Nm í þeirri minni. Þökk sé forþjöppunni í þeirri minni. Þá er í boði 1,5 lítra fjögurra strokka dísilvél með forþjöppu sem er 90 hestöfl og togar 220 Nm. Með henni er Micra 11,9 sekúndur í 100 km hraða og hámarkshraðinn 179 km/klst. Þessi vél reyndist mjög skemmtileg og það á líka við 0,9 lítra bensínvélina. Hvorug þeirra telst þó öflug, en það á yfirleitt ekki við bíla í þessum stærðarflokki. Við útfærslu þeirra er fremur hugað að lágri eyðslu og mengun. Til dæmis er dísilvélin með uppgefna 3,2 lítra eyðslu og aðeins 85 g/km mengun af CO2. Litla bensínvélin skartar heldur ekki dónalegum tölum, eða eyðslu upp á 4,4 lítra og 99 g af CO2. Allar þessar vélar eru svo tengdar við 5 gíra beinskiptingu sem reyndist mjög þægileg í umgengni og það er skoðun greinarritara að svo smáir bílar sem Micra séu bestir beinskiptir og skemmtilegastir þannig.

### Góður akstursbíll

En hvernig er að aka nýrri Micra? Jú, akstursseiginleikar þessa bíls eru með hreinum ágætum og guð hvað hann er lipur og meðfærilegur. Úr varð hinn ánægjulegasti akstur í nágrenni hinnar fögru Dubrovnik við Adríahafið. Hvort sem var í þröngum borgarakstrinum eða á þjóðvegunum í Króatíu reyndist Micra hinn besti ferðafélagi. Þegar slá þurfti í klárinn var gott að láta vélina snúast hratt og grafa þannig eftir því afli sem býr í vélunum sem fást í bílinn. Lipur skiptingin leikur í höndum ökumanns og ekki skaðar ný og vel uppsett fjöðrun bílsins. Urmull nýrra akstursкerfa er nú kominn í Micra og með Active Ride Control og Active Trace Control er þessi bíll afar stöðugur á vegi og einfaldur í akstri. Allt er til þess hugsað að þægilegt sé að keyra þennan bíl og það virðist hafa tekist vel. Micra ætti að vera verulega freistandi kostur fyrir þá sem kjósa smáa, eyðslugranna og ódýra bíla. Nissan Micra ætti nefnilega að geta orðið mjög ódýr bíll hingað kominn sökum hagstæðs vörugjaldsflokks, en hann mun kosta aðeins 11.995 pund í Bretlandi í ódýrustu gerðinni. Það verður að teljast gott verð fyrir þennan skemmtilega bíl sem ökumanni finnst miklu stærri en hann raunverulega er. Svo er þessi bíll troðinn af góðgæti og fallegur að auki.






GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki

Allt til kerrusmíða

- Vanræktu ekki viðhaldið -



AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE

Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

BAJA STZ
JEPPADEKK




LAGERSALA

MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

Hljóðlátt heilsársdekk, með ótrúlega endingu
Sérhannað mynstur tryggir betra grip við allar aðstæður

| Vörunr. | Stærð | Listaverð | Afsl. | Afsl. verð |
|---|---|---|---|---|
| 1485 | MT 245/70R17 STZ | 42.690 | 50% | 21.345 |
| 50731 | MT 265/70R17 (32") STZ | 40.390 | 30% | 28.273 |
| 50760 | MT LT285/70R17 (33") STZ | 51.990 | 30% | 36.393 |
| 50780 | MT LT315/70R17 (35") STZ | 54.490 | 30% | 38.143 |
| 50831 | MT LT265/60R18 STZ | 43.190 | 30% | 30.233 |
| 50840 | MT LT275/70R18 STZ | 54.490 | 30% | 38.143 |

Icetrack ehf. · Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is




# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
**SKODA KODIAQ**

- 2,0 LÍTRA DÍSILVÉL MEÐ FORÞJÖPPU,
- 150 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,4 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 141 g/km CO2
**Hröðun:** 9,5 sek.
**Hámarkshraði:** 197 km/klst.
**Verð frá:** 5.460.000 kr.
**Umboð:** Hekla



Kodiaq jeppinn passar fyrir sjö farþega og er hlaðinn tækninýjungum og góðum lausnum.

# Fyllir í stórt skarð

Skoda Kodiaq á eftir að fylla upp í gat í bílaflórunni því skort hefur hæfan jeppa á lágu verði. Þessi jeppi er einstaklega vel heppnaður bíll með sæti fyrir allt að sjö, troðinn tækninýjungum og snjöllum lausnum.


**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is




Það sem helst hefur vantað í bílaflóruna bæði hérlendis og erlendis eru ódýrir jeppar og tilkoma þessa fyrsta jeppa tékkneska bílaframleiðandans Skoda gæti verið svarið við því. Flestir jeppar sem seljast hér á landi nú eru um og yfir 10 milljónir króna og flestir falla þeir í lúxusbílaflokk. Skoda Kodiaq verður líklega enn ein skrautfjöðrin í hatt Skoda sem gengið hefur gríðarlega vel á síðustu árum. Ekki er verra fyrir Skoda að vera innan stóru Volkswagen bílaflórunnar og með því njóta tækni og smíðagetu annarra góðra bílaframleiðenda. Skoda hefur gengið einkar vel að selja bíla hérlendis og Octavia verið söluhæsta einstaka bílgerð hér á landi nokkur ár af þeim síðustu. Ný gerð hans og stóra bróðurins Superb hefur ekki verið til þess að minnka hróður Skoda. En ávallt skal auka framboðið og einsýnt að það yrði í formi jeppa, sem seljast eins og heitar lummur nú um allan heim.

## Greinilega Skoda og fínlegar línur

Útlit nýs Skoda Kodiaq er ekki til að fæla neinn frá, hann er með flottum línum, sportlegur og fínlegur án þess að höfða of mikið til þeirra sem vilja groddalega jeppa. Jeppar eru sífellt meira að verða í ætt við línur fólksbíla, enda nota flestir þá aðallega á malbikinu. Sumum gæti þó þótt bíllinn of „soft" í útliti fyrir jeppa að vera. Útlit Kodiaq erfir jú líka mikinn ættarsvip frá fyrri bílum Skoda og enginn ætti að fara í grafgötur með að þar fer Skoda. Það er kannski dæmigert fyrir það hversu margir nota jeppa mest á malbikinu að Kodiaq verður boðinn bæði með framhjóladrifi og fjórhjóladrifi og má telja víst að meira að segja hér á landi muni einhverjir kjósa framhjóladrifið til að spara sér aurinn. En það er altént gott að vita til þess að Kodiaq geti glímt við erfiðari leiðir, hvað þá hér á landi, svo ekki sé minnst á snjóinn sem við hér á suðvesturlandinu fengum víst nóg af fyrir stuttu. Annað sem gott er að vita af er að hægt er að fá Kodiaq með þriðju sætaröðinni og þá pláss fyrir sjö. Það kostar 150.000 kr. aukalega í ódýrari gerðunum, en ekki er hægt að segja að aftasta röðin sé heppileg fyrir fullorðna, fremur unglinga. Svo er líka gott að vita af 2,5 tonna toggetu. Það er þó kannski bestu fréttirnar að Kodiaq fæst frá 5.490.000 kr. og það fyrir fullvaxinn jeppa.

## Val á þremur vélargerðum

Skoda Kodiaq er ekki með stærstu jeppum og til marks um það er hann aðeins 4 sentimetrum lengri en langbaksgerð Octavia, en það er sannarlega mikið rými í bílnum og ekki hafa hönnuðir Skoda klikkað þar fremur en fyrri daginn. Til dæmis, með sætin niðri, er farangursrýmið 2.065 lítrar, en 720 lítrar með sætin uppi. Býsna gott það. Vélarnar sem eru í boði eru 150 hestafla og aðeins 1,4 lítra stórskemmtileg bensínvél og 2,0 lítra dísilvél í tveimur útgáfum, 150 og 190 hestöfl. Uppgefin eyðsla dísilvélanna er frá 5,4 til 5,7 lítrum en bensínvélin eyðir 7,1 lítra. Vélarnar menga allar lítið, eða frá 141 til 163 CO2 og því fellur Kodiaq í góðan vöruflokk sem endurspeglast í ágætu verði. Ekki þarf að fara mörgum orðum um að skemmtilegasta vélin er 190 hestafla dísilvélin, en með henni í Style útgáfu er verðið komið upp í 6.950.000 kr. Hann er því samt ódýrari en Kia Sorento sem kostar 6.990.777 kr. og er ekki ósvipaður í stærð. Með þessari aflmestu vél er Kodiaq sprækur enda tókst Skoda að halda þunga Kodiaq vel niðri, eða undir 1.500 kg. Hinar vélarnar duga þó bílnum ágætlega og hreint merkilegt að það eigi t.d. við 1,4 lítra vél, en undirritaður hefur prófað þá vél í fleiri gerðum bíla í Volkswagen bílafjölskyldunni og fer þar frábær vél.

## „Simply Clever" er réttnefni

Akstursegiginleikar Kodiaq eru til fyrirmyndar sem eðlilegt má vera með Skoda bíl. Hann er sérlega lipur bíll miðað við stærð og á hann má talsvert leggja í beygjurnar og vel fer hann með hraða. Hann reyndist sérstaklega ljúfur að þræða krákustígana á prufustaðnum Mallorca, hvort sem það var við vogskornar strendurnar eða í bæjar- og borgarumferðinni í Palma. Fjöðrun, bremsur og stýring

# BÍLAR

- Rými
- Akstureiginleikar
- Notagildi
- Tækninýjungar

- Grunngerðir aðeins 5 sæta



virðist einkar vel upp sett í þessum bíl og ekki var hægt að kvarta yfir upptöku vélanna. Eins og með margan annan stóran bílinn eða jeppann er aksturshegðunin betri ef bílinn er örlítið hlaðinn fólki eða farangri. Sérstaka gleði vakti hve bíllinn var hljóðlátur og fyrir vikið fór tíðum um mann lúxusbílatilfinning. Innrétting Kodiaq er engin lúxusinnrétting en samt mjög flott og stílhrein og enn bæta þeir Skoda menn sig í sniðugum lausnum, enda kjörorðið „Simply Clever“. Skemmtilegt var að sjá að í framhurðunum leyndust regnhlífar, sniðuglega komið fyrir og það sem enn meiri athygli vakti var plasthlíf sem spratt fram á köntum hurðanna þegar þær voru opnaðar til að vernda þær fyrir nærliggjandi bílum. Þetta hefur greinarritari aldrei séð áður og er algerlega frábær lausn sem kemur í veg fyrir marga rispuna, bæði á Skoda bílum sem og þeim sem nálægt honum standa. Vonandi taka sem flestir bílaframleiðendur upp þessa frábæru og hugvitssamlegu útfærslu Skoda. Kodiaq er hlaðinn allrahanda tengibúnaði og nýrri tækni sem alltof langt mál er að telja upp hér. Með Kodiaq er kominn enn einn snilldarbíllinn frá Skoda og hann mun vafalaust seljast eins og heitar lummur, líkt og aðrir bílar Skoda.




Kodiaq sver sig í ætt Skoda og eyðir ekki miklu eða aðeins 5,4 lítrum á hundraðið. Grunngerðin er aðeins fimm manna sem dregur hann aðeins niður. Sérstaka gleði vakti hve bíllinn var hljóðlátur og fyrir vikið fór tíðum um mann lúxusbílatilfinning.











Það sem enn meiri athygli vakti var plasthlíf sem spratt fram á köntum hurðanna.


SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**SUZUKI Grand Vitara Premium.** Skr. 05.2012, ekinn 68 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.150.000.**
Rnr.100459.



**SUZUKI Grand Vitara Limited.** Skr. 07.2014, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, sóllúga, upphækkaður, dráttarbeisli.
**Verð 3.980.000.**
Rnr.101558.



**SKODA Octavia Ambiente Combi 4x4.** Skr. 03.2013, ekinn 89 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, dráttarkúla.
**Verð 3.250.000.**
Rnr.101542.



**HONDA Accord Lifestyle.** Skr. 07.2013, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.350.000.**
Rnr.101283.



**HONDA Jazz Elegance.** Skr. 06.2014, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.390.000.**
Rnr.101430.



**SUZUKI SX4 GLX.** Skr. 05.2012, ekinn 93 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.150.000.**
Rnr.101449.



**SUZUKI SX4 S-Cross GL 2wd.** Skr. 12.2015, ekinn 6 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 3.150.000.**
Rnr.101422.



**FORD Mondeo Titanium.** Skr. 06.2012, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 2.980.000.**
Rnr.101384.



**CHEVROLET Cruze.** Skr. 12.2014, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 2.980.000.**
Rnr.101404.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðaðu úrvalið

# BÍLAR

**Framhald af forsíðu ➪**

Margir athygliverðir bílar stóðu á sýningarpöllunum á bílasýningunni í Genf en hún er nú nýafstaðin. Greinarritari var einn þeirra sem naut þess að fá að sækja sýninguna að þessu sinni og kíkja örlítið inn í framtíðina hjá bílaframleiðendum heimsins. Öndvert við síðustu stórar bílasýningar þá var höfuðáherslan ekki endilega á rafmagnsbíla þótt þeir hafi víða sést. Væri mun fremur hægt að tala um fjölbreytni og ógnarbýsn af fallegum bílum og mörgum þeirra ekki ódýrum. Er það ef til vill til marks um gott ástand í efnahagsmálum víða um heim og góða sölu á bílum. Bílaframleiðendur kepptust sem fyrr við að kynna nýja framleiðslu sína með áhrifamiklum kynningum og á hverju korteri fór fram ein slík á annaðhvort glænýjum bílum, uppfærðum eða af nýrri kynslóð og því kappnóg að gera ef fylgja skyldi þeim öllum.




Toyota i-TRIL. Þessi knái i-TRIL rafmagnsbíll varð til eftir miklar rannsóknir Toyota á þörfum og óskum fólks í borgum. Ökumaðurinn situr einn frammí en tvö samhliða sæti eru fyrir aftan hann. Bíllinn hallar sér inn í beygjurnar og virkar ákaflega skemmtilegur bíll í akstri. Ef til vill framtíðin í borgum.



Nýr forsetabíll? Lexus sýndi nýja kynslóð LS bílsins og hann er nú kominn með 6 strokka vél með tveimur forþjöppum sem er öflugri en fyrri V8 vélin. Kannski er þessi Lexus LS 500h, sem skartar rafmótorum til aðstoðar brunavélinni, nýi forsetabíllinn, en fyrir utan Bessastaði hafa oftast staðið Lexus bílar.



Honda Civic Type R sem státar af 316 hestöflum og er öflugusta útgáfa Civic bílsins. Í vor er þessum bíl ætlað að slá við metinu á Nürburgring-brautinni í flokki „Hot hatch“-bíla.



Koenigsegg með 4.360 hestöfl. Sænski ofurbílaframleiðandinn Koenigsegg sýndi þrjá bíla en hestaflafjöldi þeirra samtals nam 4.360 hestöflum. Tveir Regera-bílar voru til sýnis, 1.500 hestöfl hvor og einn 1.360 hestafla Agera. Regera bíllinn er 10 sekúndur upp í 300 km hraða og 20 sekúndur upp í 400. Magnaður þessi sænski bílasmiður.



Mercedes Benz G-Class Maybach. Þessi lengdi Mercedes Benz G-Class jeppi í Maybach útgáfu vakti óspillta athygli gesta. Hann er engin venjuleg smíði með V12 vél með tveimur forþjöppum, 630 hestöfl. Bíllinn er troðinn tæknibúnaði, með hálfan metra undir lægsta punkt og kostar 58 milljónir króna. Aðeins verða framleidd 99 eintök af þessum ofurjeppa.




210 hestafla Yaris. Toyota kynnti glænýja kraftútgáfu af hinum vinsæla Yaris með 210 hestöfl tiltæk. Á pöllunum stóð einnig nýjasti keppnisbíllinn í WRC rallmótaröðinni, 380 hestafla Yaris, en hann vann einmitt Svíþjóðarrallið um daginn og var það önnur keppnin sem þessum bíl er teflt fram.



Rimac er 2,5 sek. í 100 km. Króatíski rafmagnsbílaframleiðandinn hefur vakið mikla athygli á undanförnum misserum og á sýningunni í Genf sýndi Rimac þennan 1.224 hestafla bíl sem fær er um að taka sprettinn í 100 á litlum 2,5 sekúndum og er með hámarkshraðann 355 km/klst.




Audi Q8, nýjasta útspil Audi, er eins konar coupé-útgáfa af Q7 jeppanum. Hann er með 462 hestafla drifrás þar sem megnið af aflinu kemur frá 3,0 lítra V6 vél með tveimur forþjöppum og aðeins 26 hestöfl frá litlum rafmótorum. Audi Q8 er 4,7 sek. upp í hundraðið.


SUZUKI
Way of Life!
NÝR BALENO!
KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.260.000
BALENO
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR
NÝR VALKOSTUR!
SUZUKI BALENO
MILD HYBRID
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet.
Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

**SUZUKI**

- 1,2 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 90 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,0 l/100 km í bl. akstri

**Mengun:** 114 g/km CO2
**Hröðun:** 11,9 sek.
**Hámarkshraði:** 165 km/klst.
**Verð frá:** 2.480.000 kr.
**Umboð:** Suzuki

- Veghæð
- Rými
- Fjórhjóladrif
- Verð

- Stíf fjöðrun að aftan
- Lítið skott

# Míkrójeppinn Ignis með sérstöðu sem enginn nær

Ignis er bíll sem á engan sinn líka, er ódýrasti fjórhjóladrifsbíllinn sem fæst og er með 18 cm undir lægsta punkt. Hann er með merkilega mikið rými þó stuttur sé og fæst á mjög lágu verði. Ignis snýr aftur með krafti.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Í öllu því úrvali bíla sem nú finnst frá bílaframleiðendum heims er erfitt að skapa bíl sem hefur mikla sérstöðu og fyllir upp í tómarúm. Það var eiginlega það fyrsta sem mér datt í hug er ég hóf að reynsluaka þessum óvenjulega og nýja bíl frá Suzuki. Þetta hefur einmitt tekist með þessum nýja Ignis. Það hljómar í fyrsta lagi mjög vel að fá hingað til lands bíl sem er fjórhjóladrifinn og með 18 cm undir lægsta punkt og kostar undir tveimur og hálfri milljón króna. Auk þess að vera með heilmikið innanrými þó skottið sé ekki ýkja stórt. Það hljómar líka vel að þessi bíll sé framleiddur af Suzuki, en þeir bíla almennt lítið og eru mjög áreiðanlegir. Nafnið Ignis hefur legið í láginni hjá Suzuki frá árinu 2008, en fær hér endurnýjun lífdaga, enda endurvinnsla alltaf góð. Hér fer þó gerbreyttur bíll frá fyrri gerð Ignis. Ignis er kubbslaga, hér til þaksins, reyndar svo hár að hann er á pari við Vitara jepplinginn frá Suzuki. Ignis er líka stuttur, svo stuttur að hann er styttri en Suzuki Swift. Óvenjuleg hlutföll en ganga svo vel upp í prýðilegum akstursbíl.

## Léttur með litla vél

Ignis er bíll með glaðlega ásýnd, hreinlega mjög fallegur að framan en með óvenjulegan afturenda sem fellur kannski ekki öllum í geð, þó að svo hafi verið í mínu tilfelli. Það er líka leit að bíl með hjólin eins nálægt hornum bílsins. Það er þó gert til að auka bæði innanrýmið og bæta aksturseiginleikana. Ignis er ekki með stórri vél, eða með 1,2 lítra sprengirými í fjórum strokkum og 90 hestöfl. Þar fer ný og stórskemmtileg vél sem passar mjög vel við góða 5 gíra beinskiptinguna, en bíllinn býðst eingöngu beinskiptur. Það hentar þessum bíl líka vel og það er eindregin skoðun greinarritara að litlum bílum fari það einmitt best. Þessi eina vél er í boði enn sem komið er, en Suzuki mun einnig framleiða Ignis með Hybrid kerfi. Það verður með fremur smárri rafhlöðu og er ekki ætlað til að aka bílnum langar vegalengdir á rafmagninu einu saman, heldur til að auka aflið á réttum stundum og lækka eyðsluna í leiðinni. Þessi nýja 1,2 lítra vél passar Ignis svo vel og hefur í raun ekki eins mikið að gera og ætla mætti því hún þarf aðeins að draga 810 kg bíl í sinni léttustu útfærslu, en 870 kg með fjórhjóladrifi. Fyrir vikið var aukins vélarafls sjaldan óskað og með þessari vél eyðir bíllinn sáralitlu, en uppgefin eyðsla er 5,0 lítrar.



18 sentimetrar er undir lægsta punkt og kostar bíllinn undir tveimur og hálfri milljón króna sem er gjöf en ekki gjald. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK







**Eðlilegt væri að ætla að svo ódýr bíll og Ignis væri fátæklegur er kemur að búnaði, en öðru er til að dreifa. Þarna er allt sem til þarf.**

## Bara til með fjórhjóladrifi

Ignis verður einungis seldur hér á landi með fjórhjóladrifi og eru það prýðilegar fréttir og rímar vel við mikla veghæð bílsins. Hann er því hæfur til að glíma við talsverðar torfærur og gæti hæglega verið mun hæfari þar en margur jepplingurinn, ekki síst vegna þess hve léttur hann er. Ekki reyndist unnt að prófa hann í reynsluakstrinum við slíkar aðstæður en það bíður betri tíma og verður forvitnilegt. Einn af stórum kostum Ignis, sem margir munu kunna að meta, er há sætisstaða. Ökumannssætið er í þeirri hæð að sest er beint upp í bíllinn, ekki niður og ekki upp. Útsýnið úr bílnum er fyrir vikið fínt og almennt er útsýni úr bílnum gott. Þegar lagt er síðan af stað minnkar ánægjan ekki því ferlega gaman er að aka þessum skemmtilega kubbi. Lipurð og léttleiki eru fyrstu orðin sem koma upp í hugann og borgaraksturinn verður að hreinni ánægju. Ignis er enginn sportbíll, þá er betra að velja sér Swift Sport, en hann hendist eftir vilja ökumanns þrátt fyrir óvenju mjó dekk bílsins. Fjórhjóladrifið og léttleiki bílsins gera hann óvenju fiman og auðveldan í akstri. Þó er eitt sem betur mætti færa, en fjöðrunin er fullstíf að aftan og á til að höggva aðeins á ójöfnum.

## Heilmikill búnaður

Eðlilegt væri að ætla að svo ódýr bíll og Ignis væri fátæklegur er kemur að búnaði, en öðru er til að dreifa. Akreinaskiptivari, brekkuaðstoð, skriðstýring niður brekkur, veggripsstýring, sjálfvirk hemlun, hiti í sætum, hitastýrð miðstöð, 6 öryggispúðar, 6 hátalara hljómkerfi og USB, Bluetooth og 12 volta tengingar er gott dæmi um heilmikinn staðalbúnað.
Innréttingin er frekar einföld og ekki hægt að tala um neinn íburð, en skilvirk og lagleg er hún samt. Þarna er allt sem til þarf og þeir sem kjósa sér lúxusinnréttingar verða að sætta sig við að borga tvisvar til þrisvar sinnum meira fyrir bíla sína. Þannig er þessi bíll ekki hugsaður. Hann er allt sem þú þarft fyrir lítið. Ignis í GL útgáfu með fjórhjóladrifi kostar 2.480.000 kr. og með því er hann ódýrasti fjórhjóladrifni bíllinn sem fá má hérlendis. Í GLX útgáfu kostar Ignis 2.760.000 kr. og þar fæst heilmikið fyrir viðbótina. Suzuki Ignis er stórskemmtileg viðbót við bílaflóruna og mun kæta margan kaupandann.




# TIVOLI FJÓRHJÓLADRIFINN SPORTJEPPI

## RÍKULEGA BÚINN / SJÁLFSKIPTUR / FRÁBÆRT VERÐ

Bílabúð Benna kynnir sportjeppann Tivoli, nýjasta smellinn frá bílaframleiðandanum SsangYong í Suður Kóreu. Sportjeppinn Tivoli er allt í senn, flottur, ríkulega búinn, fjórhjóladrifinn og einstaklega lipur í akstri. Tivoli er fyrir þá kröfuhörðu sem kunna að meta stílhreina hönnun, gegnheil gæði og frábært verð. Hann fæst líka í extra langri XLV útgáfu.

TIVOLI – VERÐ FRÁ: 3.250.000 KR.
TIVOLI XLV – VERÐ FRÁ: 3.790.000 KR.






SSANGYONG

**Verið velkomin í reynsluakstur.** **benni.is.**

| **Reykjavík** | **Reykjanesbær** | **Bílaríki, Akureyri** | **Opið:** |
|---|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 | Virka daga frá 9:00 til 18:00 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 | Laugardag frá 12:00 til 16:00 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

KYNNING:

# Askja leggur iðnnemum lið

**Bílaumboðið Askja hefur lagt sitt af mörkum til að fjölga nemendum í iðnnámi. Slík aðkoma fyrirtækja er afar mikilvæg, ekki síst þegar kemur að því að taka við nemendum á samning.**

Íslandsmeistarakeppni í iðn- og verkgreinum fór fram í Laugardalshöll dagana 16.-18. mars síðastliðinn. Það var Verkiðn sem stóð fyrir keppninni. Samhliða henni var haldin kynning á framhaldsskólum en um sjö þúsund nemendur í níunda og tíunda bekk kynntu sér iðngreinar í Laugardalshöll.



Erla Sylvía Guðjónsdóttir, mannauðsstjóri Öskju.

Að sögn Erlu Sylvíu Guðjónsdóttur, gæða- og mannauðsstjóra Öskju, er keppnin haldin á tveggja ára fresti en markmið hennar er að vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og starfi í iðngreinum. Bás bílgreinarinnar var veglegur en Iðan fræðslusetur sér um uppsetningu og útfærslu á honum í samstarfi við bílaumboðin, sem skipta því á milli sín „Í ár féll það í hönd Bílaumboðsins Öskju og er hlutverk þess að búa til verkefni fyrir keppendur í bílgreinum, útvega dómara og aðstoða við að finna keppendur. Keppt var í þremur greinum, bifvélavirkjun, bílamálun og bifreiðasmíði, en tuttugu nemar tóku þátt í þessum þremur greinum,“ segir hún.



Keppendur að lesa úr mælingum úr réttingabekk.



Ágúst Guðmundsson fylgist með keppanda í bifvélavirkjun.

„Mikill skortur hefur verið á bifvélavirkjum á Íslandi og vildum við nota tækifærið og kynna greinina fyrir grunnskólanemendunum sem komu í Laugardalshöll. Ágúst Guðmundsson, meistari í bifvélavirkjun og einn af okkur fyrstu starfsmönnum, hefur stutt við fjölda nema í gegnum árin og fengum við hann til að kynna bílgreinina í básnum okkar.

Askja hefur staðfest sáttmála um vinnustaðanám, en í því felst að taka vel á móti nemum með skipulögðum og ábyrgum hætti, bjóða nemum samning og auglýsa lausar nemastöður, útskýrir Erla Sylvía og bætir við að reglulega fari fram starfskynningar á verkstæðum Öskju fyrir grunnskólanema. „Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á slíkum kynningum hjá nemendum,“ segir hún.

Bílaumboðið Askja hefur að jafnaði verið með 8-10 nemendur á verkstæðum sínum, en Askja er umboðsaðili Kia og Mercedes-Benz fólks- og atvinnubíla og þar starfa nú um 120 starfsmenn.

Hægt er að sækja um verknám hjá Öskju á heimasíðunni www.askja.is






Brimborg
Bíldshöfða 8 S. 515 7000
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is

# BÍLAR




**Renault gæti farið úr höndum franska ríkisins.** NORDICPHOTOS/AFP

## Selur franska ríkið eignarhlut sinn í Renault?

Haft var eftir fjármálaráðherra Frakklands um daginn að ekki sé útilokað að franska ríkið selji hluta eða allt eignarhald sitt í franska bílaframleiðandanum Renault, en franska ríkið á rétt undir 20% í Renault. Nú séu markaðsaðstæður hagstæðari en oft áður og að franska ríkinu beri að gæta réttar franskra skattgreiðenda. Franska ríkið hefur aukið hlut sinn á undanförnum árum í Renault sem aðgerð til að vernda störf í Frakklandi. Fjármálaráðherrann Michel Sapin lét hafa eftir sér að það væri alls ekki meiningin hjá franska ríkinu að eiga stóran hlut í Renault til framtíðar, né heldur væri meiningin að tapa á kaupum í Renault á sínum tíma. Ef rétt verð fæst fyrir bréfin í Renault má búast við að franska ríkið nýti sér það og minnki hlut sinn verulega. Hlutabréf í Renault hafa fallið um 6% það sem af er ári.

## 405 hestafla Fiat 500 Abarth

Verkfræðingar Fiat hafa vafalaust ekki ímyndað sér að Fiat 500 Abarth bíll þeirra yrði nokkurn tíma 405 hestöfl. Pogea Racing í Þýskalandi hafði hins vegar aðrar hugmyndir og hlóð í þennan ofurbíl úr þessu annars smávaxna ökutæki. Þó svo aflið sé 405 hestöfl er sprengirými vélar bílsins aðeins 1,4 lítrar og svo til öllu hefur verið umbreytt í drifrás bílsins og hann togar nú 445 Nm, enda meðal annars komin risaforþjappa ofan á vélina. Allt þetta afl dugar honum til að komast á hundrað kílómetra hraða á 4,1 sekúndu og hámarkshraðinn er 288 km/klst. Segja má að svo til engin skrúfa sé á sínum upphaflega stað í þessum gríðarbreytta bíl, en það tók Pogea Racing fjögur ár að þróa bílinn. Bíllinn er um 5 cm breiðari en hefðbundinn Fiat 500 og verður hann málaður í sama lit og Lamborghini Revanton, í djúpgráum lit.

## Starfsfólk Porsche fær 1,1 milljón í bónus

Það er greinilega jafn gott að aka Porsche og að vinna fyrir Porsche. Um leið og Porsche greindi frá methagnaði sínum fyrir síðasta ár var tilkynnt að hver starfsmaður Porsche muni fá 1,1 milljón króna í bónus. Það verða 21.000 starfsmenn sem njóta þessa. Reyndar er upphæðin í evrum með nokkra skírskotun til frægasta framleiðslubíls Porsche, því hver og einn starfsmaður fær 9.111 evrur í umslaginu. Á síðustu tveimur árum hefur Porsche verið svo til jafn rausnarlegt við starfsmenn sína og greitt þeim 8.911 og 8.600 evrur í bónus. Það kemur ekki á óvart að þessi bónus Porsche er sá hæsti sem greiddur er innan stóru Volkswagen bílasamstæðunnar. Velta Porsche jókst um 4% á síðasta ári og nam 2.675 milljörðum króna og hagnaðurinn um 14% og var 468 milljarðar króna. Alls seldi Porsche 237.778 bíla í fyrra.

# Hyundai Santa Fe á Suðurskautslandinu

Á síðasta ári fól Hyundai Arctic Trucks á Íslandi að breyta fjórhjóladrifnum sportjeppa af gerðinni Santa Fe með 2,2 lítra dísilvél fyrir 38" dekk með þeirri hefðbundnu aðlögun sem slíkri breytingu fylgir að því undanskildu að hvorki var átt við drifbúnað bílsins sjálfs né gírkassa. Til að lækka drifhlutföllin var nauðsynleg niðurgírun sett út við hvert hjól. Bíllinn var svo sendur til Suðurskautslandsins þar sem starfsmenn Arctic Trucks fóru fyrir leiðangri Hyundai á suðurpólinn og áfram til McMudo með Patrick Bergel, afkomanda landkönnuðarins Ernest Shackleton. Ferðalagið í heild tók 30 daga og var bílnum alls ekið um 5.600 km, meðal annars yfir Ross-íshelluna sem aldrei hafði verið ekin áður, hvað þá á bifreið í þessum flokki fólksbíla. Santa Fe á 38" dekkjum Arctic Trucks stóðst fyllilega allar væntingar í ferðinni og segir leiðangursstjórinn, Gísli Jónsson hjá Arctic Trucks, að aldrei hafi þurft að draga hann úr festu eða standa í einhverjum viðgerðum. Leiðangursstjóri í ferðinni var Gísli Jónsson hjá Arctic Trucks, en hann þekkir Suðurskautslandið í þaula. Frá Union-jökli sem er í Ellsworth-fjöllunum var ekið til Thils-fjalla sem eru miðja vegu á leiðinni til suðurpólsins, sem er alls í um 1200 km fjarlægð frá Union. Þaðan var ekið áfram niður Levert-jökulinn að Ross-íshellunni, um 1.600 km leið og til eldfjallsins Erebus við McMurdo. Á leið til McMurdo þarf að fara yfir Ross-íshelluna og aldrei áður hafði verið ekið yfir hana á bíl, hvað þá bíl í þessum flokki. Frá McMurdo var ekið aftur til baka eftir sömu leið til Union, þangað sem flutningavélin kom til að sækja leiðangursmenn. Patrick Bergel lauk ferðalagi langafa síns og í samræmi við nútímatækni og áreiðanleika Hyundai fór vel á því að ljúka förinni á vel búnum og þægilegum Santa Fe.





YAMAHA
www.yamaha.is

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 540 4900 til að kynna þér lánamöguleika.

Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS




VÖNDUÐ OG HLJÓÐLÁT DEKK UNDIR FLESTAR GERÐIR JEPPA OG JEPPLINGA. STÆRÐIR FRÁ 29-44 TOMMU.

ÖLL ALMENN DEKKJAÞJÓNUSTA TÍMABÓKANIR Í SÍMA 540 4900

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.com

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 10–18. Laugard. kl. 10–16

veidiportid.is

veidiportid.is

VISION® FLY FISHING

## Stærsta og framsæknasta fluguveiðimerki í Evrópu er nú komið í Veiðiportið

**Gæði og einstaklega hagstæð verð hafa komið Vision á toppinn í Evrópu**



### Vision Ikon zipp 2,0 6 laga vöðlur með rennilás

Þessar vöðlur komu Vision á kortið hvað varðar endingu á vöðlum.
Leiðsögumenn um allann heim gefa þeim hæstu einkunn.

**STÓRLÆKKAÐ VERÐ**
**2016 var verðið 74.900 kr**
**Nú 49.900 kr**



### Vision Ikon 6 laga vöðlur

Þessar endast og endast.
Besta verðið á 6 laga vöðlum á markaðnum í dag.

**Verð 36.900 kr**



**Kaupauki**
Allir sem kaupa Vision vöðlur og jakka fá Vision primaloft jakka í kaupauka að verðmæti **23.900 kr**

### Vision Loikka vöðluskór

Fást með filt eða gúmmísóla með tungsten nögglum
**Bestu skór sem Vision hefur framleitt.**
Verð, Filt sóli **21.900 kr**
Gúmmi og nagglar **29.900 kr**

### Vision Hooper vöðluskór

Fisléttir og sterkir skór á góðu verði **Verð. 16.900 kr**

### Keeper vöðluskór

Ódýrir en góðir vöðluskór. Frábært verð **Verð 11.900 kr**



Hooper Keeper Loikka

### Vision Jakkar

**Völujakkarnir frá Vision eru þekktir fyrir góða vatnsheldni og endingu.**

Stórir góðir vasar með vatnsheldum rennilásum, flískæddir hliðarvasar vatnshelt stroff
Og góð hetta. 3 laga jakkar.
**Verð frá 29.900 kr**



### Vision flugustangir og sett á frábæru verði

**Frá 29.900 kr**



### Flottur U bátur frá Keeper

Sundfit taska og pumpa

**Kynningar verð 24.900 kr**



KEEPER

### Vision flugulínurnar eru heimsþekktar og marg verðlaunaðar klassa línur

**Verð frá 5.900 kr**



### Fluguhjól
### Vision fluguhjólin eru vönduð og á frábæru verði.

**Verð frá 11.900 kr**



# Haltu aukakílóunum í skefjum



Margir eiga í baráttu við aukakílóin sem vilja sitja sem fastast. Heilsunnar vegna er þó mikilvægt að halda sér í kjörþyngd því aukakílóin geta leitt til ýmissa lífsstílssjúkdóma. Má þar helst nefna sykursýki 2, hjarta- og æðasjúkdóma, hátt kólesteról í blóði, háan blóðþrýsting og lifrarsjúkdóma.

Það er því til mikils að vinna að halda kílóunum í skefjum. Gott er að byrja á að búa til matarplan og passa upp á að matarskammtar dagsins séu hæfilega stórir. Hollt snakk ætti alltaf að vera innan seilingar, bæði í vinnunni og heima því það heldur hungrinu í skefjum og getur komið í veg fyrir ofát. Þetta gætu verið niðurskornar gulrætur, gúrkur, blómkál, paprikur og hnetur. Fyrsta máltíð dagsins ætti að vera morgunmatur, t.d. múslí eða hafragrautur, því fólk sem borðar morgunmat er ólíklegra til að borða yfir sig þegar líður á daginn. Velja ætti grófkorna brauð í staðinn fyrir hvítt brauð, skipta hvítum hrísgrjónum út fyrir dökk grjón eða búlgúr. Betra er að borða ávextina en að búa til djús úr þeim. Ávextir innihalda trefjar sem skila sér ekki í djúsinn. Nota ætti olíu sparlega og þá helst þær sem eru næringarríkar, eins og ólífu- og kókosolíu. Loks ætti að takmarka neyslu á sykurríkum mat eins og hægt er.



## Vegan majónes sem nota má í ýmsar girnilegar sósur

Hér er skemmtilegur valkostur við hefðbundið majónes. Gott er að hafa í huga að ekki blandast öll plöntumjólk vel við olíu. Lykilatriði er ertuprótein en sojabaunin er erta. Hægt er að nota t.d. safann af kjúklingabaunum eða af grænum ertum í staðinn. Möndlumjólk gerir majónesið meira fljótandi og það skilur sig auðveldlega.



Majónes, kokteilsósa, remúlaði og hvítlauks grillsósa.

Um 300 g

**100 g sojamjólk**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. sinnepsduft**
**¼ tsk. eplaedik**
**¼ tsk. laukduft**
**2 tsk. hlynsíróp**
**200 g matarolía**



Setjið plöntumjólkina, saltið, sinnepsduftið, laukduftið, edik og síróp í blandara. Stillið á lítinn hraða og blandið. Ef erfitt er að nálgast eplaedik og sinnepsduft (grounded mustard) má skipta því út fyrir ½ tsk. af Dijon-sinnepi. Hellið olíunni rólega ofan í meðan blandarinn er í gangi. Setjið lokið aftur á og blandið þar til kremkennt og alveg stíft.

### Kokteilsósa

Bætið við 4 tsk. af kartöflukryddi, ½ tsk. af sinnepsdufti og um 50g af tómatsósu.

### Remúlaði

Hrærið saman við majónesið 1 tsk. af túrmerik, 2 msk. af sætu sinnepi og söxuðum súrum gúrkum, t.d. ORA agúrkusalati.

### Hvítlauks grillsósa:

Bætið við annaðhvort 2 tsk. af hvítlauksdufti eða smá hvítlauk í hluta af olíunni og hellið saman við sojamjólkina í blandarann. Magn af hvítlauk fer auðvitað eftir smekk.

**Heimild: Veganlífið/Vegan Vigga.**

## Vistvænni innkaup hjá Landspítala

Vistvæn innkaup jukust á Landspítala á árinu 2016 samkvæmt frétt á vef spítalans. Þannig eru nú ýmsar vörur án PVC, DEHP og latex, allt í senn eða að hluta.

Latex er þekktur ofnæmisvaldur, DEHP hefur hormónatruflandi áhrif og PVC er plast með ýmsum íblöndunarefnum sem geta haft neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu. Því mun spítalinn reyna að forðast þessi efni sé þess kostur.

Sem dæmi má nefna að frá og með 1. júní 2017 verður einungis boðið upp á nítril skoðunarhanska og Landspítali hættir að kaupa skoðunarhanska úr latexi og vínyl. Tilgangurinn er þríþættur. Í fyrsta lagi að draga úr öryggisógn vegna óþols/ofnæmis. Í öðru lagi að styðja við umhverfisstefnu spítalans og ríkisins og í þriðja lagi næst hagræðing vegna einföldunar birgðahalds og stöðlunar vöruúrvals sem aftur leiðir til einfaldari vörustýringar.



Engir latexhanskar á Landspítala.

Í innkaupum á lækningatækjum eru settar kröfur um orkunýtni og takmörkun hættulegra efna. Við endurnýjun „Skutlunnar“, bíls sem er í ferðum milli Landspítala Fossvogi og Landspítala Hringbraut, voru sett umhverfisskilyrði um sparneytni og útblástur en ekki tókst að fá rafskutlu með nógu mikla drægni.

2018 M 8000 HARD CORE EVO

TAKE ON ANY MOUNTAIN.

HIGH-ALTITUDE
HIGH-POWER
HIGH-TECH

FORSÖLUTILBOÐ
150.000,- kr. afsláttur fyrir þá sem staðfesta kaup fyrir 1. maí.*

FORSÖLU VERÐ 2.540.000,-

Verðlistaverð 2.690.000,-



ARCTIC SPORT

NITRO

ARCTIC CAT
SHARE OUR PASSION.

*Greiða þarf 200.000,- kr. staðfestingargjald inn á vöruna. Miðað við gengi 1. apríl 2017

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**NAGLINN!!!**
13 DACIA DUSTER 4X4 LEÐUR. EK 146Þ, DÍSEL, BEINSK...Í STAKK BÚINN!!! ÁSETT 1.590 ÞÚS!!! #480027. S: 580 8900



**HEFÐARFRÚIN!!!**
FORD EDGE PLUS AWD. EK 177Þ, BENSÍN, SJÁLFSK...VEL BÚINN!!! ÁSETT 1.760 ÞÚS...#471890. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**TÚRHESTURINN!!!**
'17 FORD TRANSIT 18 MANNA. NÝR BÍLL, DÍSEL, BEINSK...ÓTRÚLEGT VERÐ 4.990+VSK!!! #452683. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

Toyota Kauptúni



TOYOTA Land cruiser 120 lx 37". Árgerð 2004, ekinn 265 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.950.000. Rnr.182808.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að leika sér

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**GLUGGAHREINSUN.**
Vönduð vinnubrögð.

Gunnar s. 899 1597

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Húsasmiði: getum bætt við okkur verkefnum, nýsmiði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569




## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211
VISA EURO

Símaspá, spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**DYRASÍMAR, LJÓS-NET. S. 777 4944**
Viðgerðir og endurnýjun. Rafeindameistarinn ehf

# Er rétt rakastig?

Að meðaltali dveljum við **80% sólarhringsins** innandyra. Rétt innivist og stjórnun loftgæða getur því haft gríðarleg áhrif á heilsufar okkar.

**Þurrktæki** **Rakatæki**

Bresk þurrktæki






Svissnesku rakatækin



**Rakamælir fylgir**

íshúsið
1983 - 2013
30 ára reynsla
vifur.is
-andaðu léttar

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

## Fasteignir


FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Arnarnes – glæsilegt einbýlishús



Höfum fengið til sölu þetta stórglæsilega 426,7 fermetra einbýlishús á sunnanverðu Arnarnesi. Eignin, sem er á einni hæð, skiptist m.a. í fjórar glæsilegar stofur með útgengi á afgirta lóð til suðurs, hjónasvítu, þrjú stór barnaherbergi, þrjú baðherbergi, stórt eldhús og tvöfaldan innbyggðan bílskúr. Mikil lofthæð er í húsinu og hússtjórnarkerfi. Lóðin, sem er 1.406 fermetrar að stærð er afgirt að hluta og með stórum og skjólsælum harðviðarveröndum til suðurs. Baðhús er á lóðinni með gufubaði, heitum potti, sturtum og snyrtingu. **Eign fyrir vandláta.**

**Allar nánari upplýsingar veita Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í gtj@fastmark.is eða Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali í jon@fastmark.is**



**Opið hús miðv.d. 05.04. kl.17,00–17,30**

Engihjalli 19, 200 Kópavogur

Snotur 2ja herb. vel skipulögð 68,7 fm íbúð á 7.hæð í fjölbýlishúsi með lyftu. Stórar vestur svalir, þvottahús á hæðinni. V.28.9m.

Upplýsingar veittar : steinarb@mi.is


## Atvinna





### Sumarstörf hjá Coca-Cola European Partners

Við bjóðum spennandi vinnustað í alþjóðlegu umhverfi þar sem við erum í sífelldum breytingum og umbótavinnu til að mæta þörfum viðskiptavina. Viðskiptavinahópur okkar er fjölbreyttur og við viljum að starfsmenn okkar endurspegli þá fjölbreytni. Coca-Cola á Íslandi starfar eftir virkri jafnréttisstefnu og stjórnendur gera sér grein fyrir því að aukinn fjölbreytileiki í hópi starfsmanna skilar sér í auknum árangri fyrirtækisins. Við trúum því að með því að styrkja fjölbreytni og jafnrétti innan fyrirtækisins, búum við til góðan vinnustað sem laðar að sér gott og hæft starfsfólk.

Allir umsækjendur sem uppfylla hæfniskröfur eru metnir til jafns sem hluti af okkar stefnu um fjölbreytni og jafnrétti og eru þeir metnir óháð kyni, trúarbrögðum, litarhætti, uppruna, kynhneigð, aldri eða fötlun.

**Ef eitthvað af eftirfarandi passar við þig, gætum við átt samleið í sumar.**

- Ertu nemi á sviði vélstjórnar, rafvirkjunar, vélfræða eða vélvirkjunar?
  *Sæktu þá um tæknistörf í framleiðslu, í Reykjavík eða á Akureyri. Þar færðu að starfa með miklum snillingum.*
- Langar þig að vinna í vöruhúsi, en ert jafnvel ekki með vinnuvélaréttindi?
  *Við greiðum fyrir þig vinnuvélaréttindi ef þú kemur að vinna hjá okkur við lyftarastörf í sumar í Reykjavík eða á Akureyri.*
- Langar þig að selja og vinna með sterkustu vörumerki í heimi?
  *Skoðaðu störfin í söludeild og þjónustuveri!*
- Ertu að leita að fjölbreyttri vinnu næsta vetur með skóla?
  *Sæktu þá um starf í framleiðslunni hjá okkur í Reykjavík eða á Akureyri.*

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS
Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík
525 2500
Info@ccep.is

**Við leitum að áreiðanlegu, jákvæðu og duglegu fólki.**

Ráðningartíminn er frá maí til ágúst. Öllum umsóknum verður svarað.
Nánari upplýsingar um hæfniskröfur fyrir hvert starf eru að finna á www.ccep.is
Tekið er við umsóknum á vefsíðu okkar http://www.ccep.is/mannaudur/laus-storf/
Aldurstakmark er 18 ár í öll störf. Umsóknarfrestur er til 10. apríl nk.


## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, tilboð eða tímavinna S. 7740866

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273 milli 17-19**

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd



Thai- nuddstofan hjá Joom býður Thailenskt heilsunudd Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Sumarbústaðir

Sumarhús óskast til flutnings - 50-80m2 Upplýsingar í síma 898 0577

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind sem fyrst. Sveigjanlegur vinnutími. Íslenskukunnátta skilyrði.
**Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 milli kl. 9-18 og kokuhornid@kokuhornid.is**

Starfskraftur óskast á sauðfjárbú á Suðurlandi. Aðstoð við sauðburð og heyskap ásamt eldamennsku og að sinna léttum heimilisstörfum. Uppl. s. 8460758.

Vantar skipstjóra/stýrimann á 24 metra bát. Gert út frá Suðurnesjum. Uppl. í S. 868 2853

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**BAKARAR**
Erum með klára bakara sem geta hafið störf innan skamms. Handafl Starfsmannaveita S: 777-2-333

**UPPSLÁTTASMIÐIR - SMIÐIR**
Erum með klára uppsláttasmiði og smiði sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**KRANAMENN - TÆKJAMENN**
Erum með klára kranamenn og tækjamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**VERKAMENN**
Erum með klára verkamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BIFVÉLAVIRKJAR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**
Erum með klára bifvélavirkja og meiraprófsbílstjóra sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT





# Erum við að leita að þér?



## Við hjá VHE
**erum á höttunum eftir öflugu og góðu fólki til að ganga til liðs við okkar framúrskarandi hóp starfsmanna í Hafnarfirði**

## á Mannvirkjasvið vantar okkur:

- Verkefnastjóra
- Tæknimenn
- Verkstjóra
- Smiði, múrara og aðra iðnaðarmenn (samstilltir hópar í afmörkuð verkefni geta komið til greina)
- Verkamenn
- Krana- og tækjamenn

### Hæfnis- og menntunarkröfur fyrir verkefnastjóra og tæknimenn mannvirkja eru m.a.:

- Háskólapróf eða önnur framhaldsmenntun á sviði iðnfræði, byggingafræði, tæknifræði, verkefnastjórnun eða sambærilegu
- Góð reynsla í verk- og eða verkefnastjórnun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, úthlutun verkefna, skipulagi og sjálfstæðum vinnubrögðum

## á Verkfræðisvið vantar okkur:

- Sérfræðing í hönnun rafmagns og iðnstýringa
- Sérfræðing í hönnun fyrir orku- og/eða efnaiðnað

### Hæfnis- og menntunarkröfur fyrir þessi störf eru m.a.:

- Háskólapróf eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á ofangreindum sviðum
- Sjálfstæði í starfi og áhugi á fjölbreyttum verkefnum

## á Stoðsvið vantar okkur:

- Gæðastjóra
- Öryggisfulltrúa

### Um er að ræða störf sem fela m.a. í sér:

- útfærslu, eftirlit, eftirfylgni og endurskoðun á þeim gæða- og öryggiskerfum sem eru til staðar
- skipulag, utanumhald og framkvæmdir úttekta bæði á sviðum véla og mannvirkja



*VHE er fjölskyldufyrirtæki, stofnað 1971 og hefur starfsstöðvar í Hafnarfirði, á Egilsstöðum og á Reyðarfirði.*
*Hjá fyrirtækinu starfa um 350 manns við hin ýmsu störf og erum við mjög stolt af þekkingu starfsmanna okkar og reynslu. VHE er framsækið fyrirtæki á Véla- og Mannvirkjasviði, við bjóðum upp á ítarlegar lausnir í hönnun, framleiðslu og þjónustu fyrir viðskiptavini okkar, má þar nefna sérhæfðar lausnir fyrir stóriðju, iðnað, orkufyrirtæki og mannvirkjagerð.*

**VHE**
HUGVIT Í VERKI

*Frekari upplýsingar um störfin er hægt að nálgast hjá starfsmannastjóra; gudrun@vhe.is • Móttaka umsókna fer fram á vefsíðu okkar:*
***www.vhe.is/fyrirtaekid/atvinnuumsokn.*** *Umsóknarfrestur er til og með* ***9. apríl****.*
*Við viljum vekja athygli á því að konur jafnt sem karlar eru hvött til þess að sækja um þessar stöður. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðargögn.*



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug, náungakærleik og hjálpsemi vegna fráfalls og útfarar eiginmanns, sonar og fósturföður,

**Stefáns Más Guðmundssonar**
kennara,
Þiljuvöllum 21, Neskaupstað.

Guð blessi ykkur öll.

**Vilborg Stefánsdóttir, Ingunn Erla Stefánsdóttir,
fóstursynir og aðrir vandamenn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Jóhanna Valdemarsdóttir**
Norðurbyggð 31, Akureyri,

lést á heimili sínu laugardaginn 25. mars. Útför verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 6. apríl klukkan 13 og minningarathöfn í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju miðvikudaginn 12. apríl klukkan 10.30.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri eða líknarfélög.

